

Skattstofnar atvinnulífsins

# RÆKTUN EÐA RÁNYRKJA?



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



**SKATTSTOFNAR ATVINNULÍFSINS**

**RÆKTUN EÐA RÁNYRKJA?**

Tillögur SA | nóvember 2012



**SAMTÖK ATVINNULÍFSINS**



1	<b>Leiðin til betra skattkerfis</b>	6
2	<b>Tillögur SA 2012-2016</b>	9
3	<b>Skattkerfið 2008 og breytingar á því 2009-2011</b>	11
3.1	Skattkerfið var einfalt og samkeppnishæft	11
3.2	Breytingar á skattkerfinu frá árinu 2009	12
3.3	Um samráð og mat á áhrifum laga og reglugerða á atvinnulífið	17
3.4	Mismunandi áhrif skattahækkana og gjaldalækkana	18
3.5	Mat á skattahækkunum 2009-2013	19
4	<b>Tillögur í skattamálum</b>	23
4.1	Eignarskattar	23
4.1.1	Auðlegðarskattur	23
4.1.2	Stimpilgjald	24
4.2	Fjármagnstekjuskattur	24
4.3	Kolefnisgjald	26
4.4	Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki	28
4.5	Skattaívilnanir vegna nýsköpunar	29
4.5.1	Tillaga SI um skattaflátt við hlutabréfakaup í nýsköpunarfyrirtæki	30
4.6	Tekjuskattur lögaðila	31
4.7	Tollar á fatnað	34
4.8	Tryggingagjald	34
4.9	Veiðigjald	36
4.10	Virðisaukaskattur	37
4.10.1	Almennt um VSK	37
4.10.2	Áform um hækkun VSK á gistipjónustu	39
4.10.3	Mat á fyrri skattahækkunum á ferðaþjónustu	41
4.10.4	Áhrif boðaðra breytinga á vörugjöldum á bílaleigubíla	41
4.10.5	Endurgreiðsla VSK af vinnu	42
4.10.6	Greiðsludreifing VSK og aðflutningsgjalda í tolli	42
4.11	Vörugjöld á matvörur, byggingarvörur og heimilistæki	43
4.11.1	Almennt um vörugjald skv. lögum 97/1987	43
4.11.2	Áform um hækkun vörugjalda á matvæli í fjárlagafrumvarpi 2013	44
5	<b>Töfluviðauki - yfirlit</b>	47
5.1	Tekjuskattstofn einstaklinga skv. skattframtölum 2012 (tekjur 2011)	48
5.2	Skattframtöl einstaklinga árið 2012, tekjuskattstofn 2011	49
5.3	Fjármagnstekjur einstaklinga 2011 skv. skattframtölum 2012	50
5.4	Álagður tekjuskattur rekstraraðila árið 2011	51
5.5	Velta rekstraraðila árið 2011 samkvæmt skattframtölum	52
5.6	Inn- og útskattur eftir atvinnugreinum 2011	53

## 1 LEIÐIN TIL BETRA SKATTKERFIS

Það er mikilvægt fyrir þjóðina að rekstur hins opinbera sé hagkvæmur. Skattheimtu er ekki hægt að þenja út fyrir tiltekin mörk án þess að hún rýri sjálfa skattstofnana. Forsendur varanlegrar tekjuaukningar ríkissjóðs eru auknar fjárfestingar sem leiða til aukinnar verðmætasköpunar og fjölgunar starfa þannig að fleiri fyrirtæki og einstaklingar greiði skatta en færri þiggi bætur og styrki.

Skattalegt umhverfi í landinu á að miða að því að ná fram sem mestri hagkvæmni. Skattkerfið á fyrst og fremst að vera skilvirkt tekjuöflunartæki ríkissjóðs og sveitarfélaga. Það á að vera gegnsætt og laust við flækjur, skattstofnar eiga að vera breiðir og skattprósentur fáar og lágar. Með því móti er dregið úr hvata til undanskota. Markmiðum um jafnari tekjuskiptingu verður best náð með aðgerðum á útgjaldahlíð. Þannig fæst m.a. skýrari mynd af kostnaði við tekjujöfnun. Þetta er niðurstaða alþjóðastofnana á borð við OECD og AGS og var mjög vel lýst í skýrslu skattasérfræðinga AGS um skattkerfið á Íslandi í júní 2010.

Stjórn opinberra fjármála styður best við efnahagslegan stöðugleika með því að hafa fyrirsjáanleika sem mestan og að dregið sé úr óvissu eins og unnt er. Fyrirtæki og heimili taka ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna og skuldsetningu meðal annars á forsendum um skattlagningu. Miklar, örar og handahófskenndar skattabreytingar rýra hag allra skattgreiðenda. Ein meginforsenda árangurs í rekstri opinberra stofnana er að stjórnendur og starfsfólk þeirra hafi nægilegt svigrúm til að laga þjónustuna eða starfsemina að langtímamarkmiðum.

Mikilvægt er að stjórnvöld hvetji til fjárfestinga með því að stuðla að stöðugleika í rekstrarumhverfi atvinnulífsins, afnema misfellur í skattkerfinu sem hindra fjárfestingu og nýsköpun og greiða götu erlendra fjárfestinga á Íslandi. Óhóflega tíðar skattabreytingar og sá hraði sem þeim hefur fylgt hafa kostað mikla sérfræðivinnu við að endurskoða áætlanir, stilla og breyta tölvukerfum og greiða úr óvissu um ýmis túlkunatriði bæði hjá ríkisskattstjóra og fyrirtækjum.

Haustið 2009 tók ríkisstjórnin upp nýja skattstofna og hækkaði aðra sem þrengdi að fyrirtækjum og almenningi. Breytingar voru gerðar með miklum hraða, og án samráðs við þá sem þær snertu, og meðal þeirra voru fjölmargar breytingar á skattalögum sem hafa einungis aukið skattaflækjur og gert atvinnulífinu erfitt fyrir en ekki aukið tekjur eins og ætlað var. Þrátt fyrir hávæð mótæmi atvinnulífsins og fleiri aðila voru breytingarnar afgreiddar á Alþingi um miðjan desember 2009 með gildistöku þá um áramót.

Allt of margar breytingar á íslenski skattalöggjöf undanfarin þrjú ár hafa verið til þess fallnar að draga úr fjárfestingum og vilja til þátttöku í atvinnurekstri. Órækur vitnisburður um það er sú staðreynd að áform um fjárfestingar, aukinn hagvöxt og jöfnuð í afkomu ríkissjóðs hafa ekki gengið eftir eins og gert var ráð fyrir í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 2009.

Samtök atvinnulífsins leggja því til að þessar skattabreytingar gangi til baka í áföngum á næstu fjórum árum til að bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins, örva fjárfestingar, atvinnusköpun og þar með hagvöxt. Tekjutapi ríkissjóðs verði mætt með endurbótum á skattstofnum sem best eru til þess fallnir að afla ríkissjóði tekna. Til dæmis mun lækkun á tekjuskatti fyrirtækja stuðla að auknum fjárfestingum og þar með stærri skattstofnum og þarf því ekki að hafa áhyggjur

af lækkuðum tekjum ríkissjóðs. Skattstofnana verður að rækta til að þeir skili auknum tekjum, rányrkja á þessu sviði er ekki síður skaðleg en í náttúrunni.

Jafnframt leggja Samtök atvinnulífsins áherslu á að stjórnvöld fari að leiðbeiningum sem þau sjálf hafa sett um samráð við hagsmunaaðila og um mat á áhrifum breytinga við undirbúning og samningu stjórnarfrumvarpa. Meðalhóf, skýrleiki og rúmur gildistökutími verði ætíð höfð að leiðarljósi við breytingar á skattkerfinu.

Í starfshópnum sem vann að gerð skýrslunnar voru: Alexander G. Eðvardsson, KPMG; Andrés Magnússon, SVP; Bjarni Már Gylfason, SI; Erna Hauksdóttir, SAF; Friðgeir Sigurðsson, PWC; Guðbergur Rúnarsson, SF; Gústaf Adolf Skúlason, Samorku; Jóna Björk Guðnadóttir, SFF; Sveinn Hjörtur Hjartarson, LÍÚ og Vala Valtýsdóttir, Deloitte. Hannes G. Sigurðsson og Halldór Árnason, starfsmenn SA, sáu um ritstjórn skýrslunnar.







## 2 TILLÖGUR SA 2012-2016

### Raðað eftir umfangi skattahækkana 2009-2013

- **Tryggingagjald:** Stjórnvöld standi við fyrirheit um lækkun tryggingagjalds. Atvinnutryggingagjald lækki árið 2013 úr 2,45% í 1,7% og tryggingagjald í heild úr 7,79% í 7,04%. Lækkun tryggingagjalds haldi áfram eftir það eins og minnkandi atvinnuleysi gefur tilefni til.
- **Veidigjald:** Lög nr. 74/2012 um veiðigjald verði afnumin og veiðigjöldum komið í sama horf og 2011. Það fæli í sér 3,8 ma.kr. veiðigjald miðað við aðstæður á þessu ári.
- **Tekjuskattshlutfall** lögaðila verði lækkað á ný í 15%.
- **Virðisaukaskattur:**
  - Of mikið bil er á milli hærra og lægra þreps virðisaukaskatts. Lagt er til að lægra þrepið verði hækkað í áföngum næstu árin, t.d. um 1-2% árlega, til að fjármagna lækkun úreltra vörugjalda og lækka hærra þrepið.
  - Fallið verði frá flutningi gistipjónustu úr lægra í hærra þrepið.
  - Lögfest verði til frambúðar 100% endurgreiðsla VSK á vinnu manna við endurbætur eða viðhald íbúða- eða frístundahúsnæðis.
  - Lögfest verði til frambúðar ákvæði til bráðabirgða um greiðslu virðisaukaskatts og aðflutningsgjalda í tolli.
- **Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki:** Ekki verði gerðar breytingar á fyrirkomulagi þeirrar skattlagningar sem samkomulag varð um við fjármálafyrirtæki við afgreiðslu málsins haustið 2011. Í því felst u.þ.b. 5 ma.kr. greiðsla fjársýsluskatts og 1.160 m.kr. bankaskatts.
- **Auðlegðarskattur:** Ákvæði laga um auðlegðarskatt verði ekki framlengt, en það gildir til ársins 2014.
- **Kolefnisgjald:** Fyrirkomulag orku- og auðlindaskatta verði tekið til endurskoðunar. Við það verði miðað að ekki sé á sama tíma verið að skattleggja aðföng og losun gróðurhúsalofttegunda.
- **Fjármagnstekjuskattur** verði lækkaður í áföngum aftur í 10% með breiðum stofni. Ef ekki er vilji fyrir því þá verði horfið frá brúttóskattlagningu.
- **Vörugjöld skv. lögum 97/1987:** Vörugjöldin verði afnumin með öllu. Tekjutapi ríkissjóðs verði mætt með hækkun á neðra þrepi virðisaukaskatts.
  - **Vörugjöld á bílaleigubíla:** Fallið verði frá áformum um hækkun vörugjalds á bílaleigubíla, enda meiri líkur til þess að hækkunin valdi tekjutapi en tekjuauka fyrir ríkissjóð.
- **Tollar á fatnað:** Stjórnvöld leiti lausna á þeim skrifræðisvanda er snýr að tvítollun á fatnað hingað til lands. Ef ógerlegt reynist að finna lausn verði tollar á fatnað innfluttum frá ESB (með upprunaland utan þess) felldir niður til að koma í veg fyrir tvítollun.
- **Stimpilgjöld** verði afnumin í áföngum á þremur árum.
- **Skattaívilnanir vegna nýsköpunar:** Skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum verði tekinn upp.



## 3 SKATTKERFIÐ 2008 OG BREYTINGAR Á ÞVÍ 2009-2011

### 3.1 Skattkerfið var einfalt og samkeppnishæft

Í skýrslu nefndar á vegum fjármálaráðuneytisins um íslenska skattkerfið<sup>1</sup>, dags. 11. september 2008, er varpað ljósi á þá þætti sem gerðu það samkeppnishæft og skilvirkt, með áherslu á tekjuskatta einstaklinga og fyrirtækja. Nefndin skoðaði helstu einkenni skattkerfisins og hvernig það gegndi hlutverki sínu og það sett í alþjóðlegt samhengi. Helstu niðurstöður nefndarinnar varðandi skattkerfið almennt annars vegar og skattlagningu fyrirtækja og fjármagnstekjuskatt hins vegar voru eftirfarandi:

1. Íslenska skattkerfið gegnir meginhlutverki sínu með ágætum. Skattkerfið er fremur einfalt í samanburði við skattkerfi annarra landa. Einfalt og gagnsætt skattkerfi er mikilsverður eiginleiki sem stuðlar að betri skilningi skattborgaranna, dregur úr skattsvikum og lækkar kostnað skattyfirvalda og almennings.
2. Í heimi þar sem tiltölulega auðvelt er fyrir fjármagn, atvinnustarfsemi og starfsmenn að flytjast milli landa er mikilvægt að hafa góðar skattareglur fyrir fyrirtæki og einstaklinga innan þess ramma sem kröfur um opinbera þjónustu setja.
3. Íslenska skattkerfið byggist í meira mæli á tekju- og veltusköttum en annars staðar, en vægi launatengdra gjalda er lágt. Vægi beinna skatta hefur farið vaxandi á síðustu árum, en óbeinir skattar hafa lækkað að tiltölu.
4. Fjármagnstekjur hafa vaxið ört á síðustu árum og var skattur á fjármagnstekjur 4,6% af heildarskatttekjum ársins 2006. Fjármagnstekjuskattur uppá 10% er lágur þegar litið er til álagningar á launatekjur. Þess ber þó að gæta að fjármagnstekjur eru að mestu leyti „brúttótekjur“ sem m.a. innifela bætur fyrir verðbólgu og geta verið uppsafnaðar yfir langan tíma.
5. Tekjuskattahlutfall fyrirtækja á Íslandi er lágt miðað við önnur OECD ríki og hlutdeild þessa skatts er undir meðaltali OECD sem hlutfall af heildarskatttekjum. Engu að síður hefur hlutdeild tekjuskatta fyrirtækja í skatttekjum hér á landi farið vaxandi á síðustu árum samhliða mikilli aukningu hagnaðar. Ein af ástæðum þess er breiður skattstofn með takmörkuðum sérreglum en lágu skatthlutfalli, sem virkar hvetjandi til að skila hagnaði.
6. Samanlögð áhrif tekjuskatts félaga og fjármagnstekjuskatts af arði eru lítil hér á landi miðað við samanburðarlöndin. Þetta virkar hvetjandi fyrir fjárfestingar í atvinnurekstri. Skattkerfið er því samkeppnishæft og skilvirkt þegar litið er til þessara þátta.

Þá er í skýrslunni fjallað um að breytingar á skattkerfi hafi ýmsar aðrar afleiðingar en þær sem stefnt er að með hinum breyttu skattareglum. Þær geti grafið undan áður teknum ákvörðunum um fjárfestingar og sparnað, auk þess sem væntingar um breytingar auka óvissu og þar með áhættu í fjárfestingum og öðrum ráðstöfunum fyrirtækja og heimila. Þannig geta breytingar leitt til óhagkvæmni. Tíðar breytingar á skattareglum hafa auk þess ætíð í för með sér kostnað fyrir skattkerfið og skattgreiðendur vegna breyttrar skattframkvæmdar

1. Samkeppnishæfni og skilvirkni íslenska skattkerfisins, fjármálaráðuneytið 11. september 2008.

og aðlögunar að breyttu umhverfi. Margt bendi til þess að ekki sé heppilegt að gera tíðar breytingar á skattkerfinu. Stöðugt skattkerfi sé mikils virði og krefjist þess að stjórnvöld láti langtímasjónarmið um þróun samfélagsins og efnahagslífsins ráða um skattkerfisbreytingar. Einfalt og gagnsætt skattkerfi sé mikilsverður eiginleiki sem stuðli að betri skilningi skattborgaranna, dragi úr skattsvikum og lækki kostnað skattyfirvalda og skattborgara.

Skattkerfið er einn þeirra þátta sem hafa áhrif á samkeppnishæfni þjóða. Alþjóðavæðing síðustu ára hefur leitt til þess að vinnuafli og fjármagn er nú mun hreyfanlegra en áður. Fyrir vikið hefur dregið úr möguleikum stjórnvalda í einstökum löndum að halda uppi háum sköttum því þeir kunna að leiða til þess að fyrirtæki og launþegar færi sig um set. Nokkuð er um að stjórnvöld í einstökum ríkjum hafi reynt að beita skattalækkunum til að ýta undir erlenda fjárfestingu og koma í veg fyrir að innlend fyrirtæki flytjist úr landi, sem og til að reyna að laða að erlent hátekjufólk. Því er heppilegra að hinar almennu skattareglur séu sem hagstæðastar og að undantekningar eða sérreglur séu vel afmarkaðar.

### 3.2 Breytingar á skattkerfinu frá árinu 2009

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa verið gerðar gríðarlega miklar breytingar á skattalögum ríkisins. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur verið sú að leggja skatta á atvinnulífið í þeirri viðleitni að bæta afkomu ríkissjóðs. Minna hefur farið fyrir því að efla atvinnulífið og auðvelda því að skapa ný störf og þar með fjölga greiðendum í ríkissjóð. Þá hefur lítið miðað að því að draga úr umsvifum ríkisins eða að endurskipuleggja fjárfrek útgjaldakerfi.

Með lögum nr. 70, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, lögum nr. 128, um tekjuöflun ríkisins og lögum nr. 130, um ráðstafanir í skattmálum (virðisaukaskattur o.fl.), voru á árinu 2009 gerðar fjölmargar breytingar á skattkerfinu. Frekari breytingar voru gerðar með lögum nr. 164/2010 og nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það sem einkenndi þessar breytingar var lítill undirbúningur við gerð frumvarpa, ekkert samráð við atvinnulífið, skammur tími fyrirtækja til að undirbúa nýja skattaframkvæmd og auknar flækjur og ógagnsæi við framkvæmd og eftirlit skattaákvæða.

Helstu breytingar á skattkerfinu frá árinu 2009 eru eftirfarandi:

Tekið var upp **þrepaskipt tekjuskattkerfi með þremur skattþrepum** með stighækkandi skatthlutföllum og tenging persónuafsláttar við vísitölu neysluverðs var afnumin. Á árinu 2012 er staðgreiðsluhlutfall 37,34% af fyrstu 230.000 kr. í staðgreiðslustofn á mánuði, 40,24% af næstu 474.367 kr. og 46,24% af stofni umfram 704.367 kr. á mánuði. Fjárhæðarmörk tekjuskattstofns breytast í upphafi hvers árs í réttu hlutfalli við hækkan launavísitölu. Þrepaskipt skattkerfi eykur eftir á innheimtu og endurgreiðslur auk þess sem staðgreiðsluferfið verður flóknara og dýrara. Á árinu 2009 voru einungis 4% skattgreiðenda eingöngu skattlagðir í neðsta þrepinu, um 92% skattgreiðenda skattlögðust í miðþrepi og 4% skattgreiðenda höfðu tekjur sem skattlögðust í efsta þrepi.<sup>2</sup> Samkvæmt upplýsingum RSK upp úr framtölum ársins 2012 (tekjur 2011) voru 30% skattgreiðenda skattlagðir í neðsta þrepinu eingöngu, 62% í miðþrepi og 8% í efsta þrepi (sjá töfluviðauka).

2. IMF Country Report No. 10/213, 2010. Iceland: Improving the Equity and Revenue Potential of the Icelandic Tax System, bls. 35.

**Tekjuskattur hlutafélaga og einkahlutafélaga var hækkaður** í áföngum úr 15% í 20%, og samsvarandi hjá sameignar- og samlagsfélögum. Hækkun tekjuskatts fyrirtækja hefur skaðleg áhrif á framleiðni og bitnar hvað mest á arðvænum greinum sem ætla má að dragi vagninn til aukins hagvaxtar. Hár tekjuskattur fyrirtækja leiðir til minni fjárfestinga, eykur svarta atvinnustarfsemi og meiri áhersla er lögð á fjármögnun með lánsfé en hlutafé.

**Hluti arðs skattlagður sem launatekjur.** Þegar heimil úthlutað arðgreiðsla fer yfir 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé og móttakanda arðsins ber stöðu sinnar vegna að reikna sér endurgjald, er helmingur arðsins skattlagður hjá honum sem launatekjur en helmingur sem arðstekjur. Sú breyting var gerð árið 2011 á skilgreiningu á ráðandi aðila, að hann einn, ásamt maka, börnum, foreldrum eða öðrum nákomnum ættingjum verður að eiga meira en 50% í lögaðilanum, enda eigi hver um sig a.m.k. 20% hlut. Þá var gerð sú breyting að sá hluti arðsins sem skattleggst sem laun myndar hvorki stofn til tryggingagjalds né lífeyrisdögjalds og myndar ekki heldur frádráttarbæran rekstrarkostnað hjá greiðanda. Loks eru þessar tekjur skattlagðar í milliprepi tekjuskatts.

**Tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar** var hækkaður tveimur í áföngum árin 2010 og 2011, fyrst úr 10% í 18% og síðan í 20%. Skatturinn leggst á brúttó fjármagnstekjur með 100 þús.kr. frítekjumark, sem var tekið upp árið 2010.

Árið 2009 var lögfestur tímabundinn 1,25% **auðlegðarskattur** til þriggja ára á eignir manna sem eru yfir 90 m.kr. að frádregnum skuldum hjá einstaklingum en 120 m.kr. hjá samsköttunaraðilum. Skatturinn var síðar framlengdur til ársloka 2014 jafnframt því sem hlutfall skattsins var hækkað úr 1,25% í 1,50% auk lækkunar á fríeignamörkum úr 90 m.kr. í 75 m.kr. hjá einstaklingum og úr 120 m.kr. í 100 m.kr. hjá hjónum. Á hreina eign einstaklings umfram 150 m.kr. og hreina eign hjóna umfram 200 m.kr. leggst 2% skattur. Tekjur ríkissjóðs af auðlegðarskatti námu 3.845 m.kr. árið 2010 og greiddu 3.817 fjölskyldur og einstaklingar skattinn. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2013 eru tekjur áætlaðar 7.440 m.kr.

Þann 1. september 2009 tók gildi nýr 18% **afdráttarskattur á vaxtatekjur lögaðila sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi** og bera takmarkaða skattskyldu (20% á einstaklinga). Innheimta tekjuskatts af vöxtunum er í staðgreiðslu. Árið 2012 var afdráttarskatturinn lækkaður í 10% og hafa stjórnvöld gefið fyrirheit um að þessi skattur verði afdnuminn frá og með árinu 2013. Ekki er gert ráð fyrir tekjum af þessum skatti í fjárlagafrumvarpi fyrir 2013.

**Skattlagning gengishagnaðar af innlánsreikningum.** Gengishagnaður er skattlagður á þeim tímamarki sem hann verður til óháð úttekt eða innlausn eins og gert er hjá rekstraraðilum. Miðað er við upphafsstöðu innlánsreiknings í ársbyrjun eða við innlagn á því ári og lokastöðu í árslok, eða við úttekt innan ársins, og umreiknað í íslenskar krónur. Jákvæður mismunur þessara fjárhæða telst skattskyldar tekjur. Skatturinn er innheimtur ársfjórðungslega.

Skattlagning á óhreyfðan höfuðstól er óréttlát á margan hátt. Ekki er heimilt að jafna gengistapi á einum reikningi á móti hagnaði á öðrum og allar endurgreiðslur hins opinbera, reynist gengisstaðan neikvæð um áramót, eru greiddar út í krónum. Gengishagnaður á einum ársfjórðungi getur gengið til baka á þeim næsta.

**Skattlagning afleiðusamninga.** Sérregla um skattalega meðferð afleiðusamninga var afdnumin. Hún kvað á um að skattaleg meðferð afleiðusamninga sem seldir eru á skipulegum

verðbréfamörkuðum þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf, skyldi vera sú sama og gildir um hlutabréf. Hagnaður eða tap af afleiðusamningum telst nú vaxtatekjur, sem lúta staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, eða vaxtagjöld en ekki söluhagnaður eða sölutap líkt og í flestum nágrannaríkjum.

Staðgreiðsla af afleiðum án þess að tillit sé tekið til tengdra viðskipta skerðir möguleika til virkrar áhættustýringar enda ólíklegt að hagnaður verði af slíkum viðskiptum þegar upp er staðið. Fyrir liggja vilyrði stjórnvalda um að fella afleiðuviðskipti undan staðgreiðslu skatta.

**Atvinnuþryggingagjald hækkaði** úr 0,65% í 3,81% samhliða auknu atvinnuleysi og gjald í Ábyrgðarsjóð launa úr 0,1% í 0,2%. Tryggingagjaldið hækkaði þannig úr 5,34% í 8,65% árið 2010 en lækkaði í 7,79% árið 2012.

**Almenna virðisaukaskattþrepið var hækkað** úr 24,5% í 25,5%.

**Áður aflagt vörugjaldskerfi á matvæli og óáfengar drykkjarvörur** var tekið upp að nýju og gjaldið tvöfaldað. Vörugjald á ýmsar matvörur, byggingavörur og raftæki er handahófskenndur skattur sem bjagar hlutfallsverð milli vöruhegunda, mismunar framleiðendum og flytur verslun úr landinu.

**Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki.** Með lögum nr. 155/2010 var lagður á sérstakur 0,041% skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja. Síðar var ákveðið að bæta við 0,0875% gjaldhlutfalli árin 2012 og 2013 til að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslu til heimila. Haustið 2011 var lögfestur nýr fjársýsluskattur í tvennu lagi:

- Fjársýsluskattur nemur 5,45% af launum, þóknunum og hlunnindum starfsmanna fjármálafyrirtækja, annarra en lífeyrissjóða og tryggingafélaga.
- Sérstakur fjársýsluskattur nemur 6% af hagnaði fjármálafyrirtækja umfram 1 ma.kr.

Fjármálafyrirtækin kosta að fullu starfsemi Fjármálaeftirlitsins og Umboðsmanns skuldara og er kostnaður þessara stofnana áætlaður 3 ma.kr. á árinu 2012. Þá eru innheimtar 3 ma.kr. til að byggja upp Tryggingasjóð innistæðueigenda.

**Kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti** var lagt á með lögum nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta. Í desember 2010 var gjaldið hækkað úr 50% í 75% af því sem talið var verð losunarheimilda á uppboðsmarkaði ESB árið 2009. Tekjuauki ríkissjóðs var áætlaður um 2,5 ma.kr. á ári. Með lögum nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum var gjaldið hækkað á ný um þriðjung og var tekjuauki ríkissjóðs áætlaður 0,8 ma.kr. á ári. Jafnframt voru lög um umhverfis- og auðlindaskatta gerð varanleg en hefðu að óbreyttu fallið úr gildi í lok árs 2012. Áform um breikkun stofns kolefnisgjalds, þannig að það yrði lagt á kolefni af jarðefnauppruna á föstu formi, voru lögð til hliðar.

**Lög nr. 74/2012 um veiðigjöld** skylda einstaklinga og lögaðila til að greiða veiðigjald (skatt) á grundvelli afla hvers gjaldskylds aðila í þorskígildum samkvæmt úthlutuðu aflamarki, öðrum aflaheimildum eða lönduðum afla. Áður hafði veiðigjald verið hækkað með lögum nr. 70/2011 úr 9,5% í 13,3% af gjaldstofni (reiknaðri framlegð) frá 1. september 2011.



Almennt veiðigjald er 9,50 kr. á hvert þorskígildiskíló, þó aldrei lægra en 5.000 kr. á hvert skip. Sérstakt veiðigjald er skilgreint í krónum á hvert þorskígildiskíló eftir veiðiflokkum, þ.e. botnfiskveiðum og uppsjávarveiðum. Sérstakt veiðigjald er 65% af stofni til útreiknings á gjaldinu að frádregnu almennu veiðigjaldi. Álagning sérstaks veiðigjalds á hvern gjaldskyldan aðila á fiskveiðiarinu er eftirfarandi:

- a. af fyrstu 30.000 þorskígildiskílóum greiðist ekkert gjald,
- b. af næstu 70.000 þorskígildiskílóum greiðist hálf gjald,
- c. af þorskígildiskílóum umfram 100.000 greiðist fullt gjald.

Þrátt fyrir þetta er sérstakt veiðigjald:

- a. 23,20 kr. á hvert þorskígildiskíló í botnfiskveiðum og 27,50 kr. á þorskígildiskíló í uppsjávarveiðum á fiskveiðiarinu 2012/2013.
- b. 50% af stofni til útreiknings á gjaldinu á fiskveiðiarinu 2013/2014 að frádregnu almennu veiðigjaldi sama fiskveiðiárs.
- c. 55% af stofni til útreiknings á gjaldinu á fiskveiðiarinu 2014/2015 að frádregnu almennu veiðigjaldi sama fiskveiðiárs.
- d. 60% af stofni til útreiknings á gjaldinu á fiskveiðiarinu 2015/2016 að frádregnu almennu veiðigjaldi sama fiskveiðiárs.

Á fiskveiðiarunum 2012/2013 til 2017/2018 skal félag eða einstaklingur með atvinnurekstur sem greiðir sérstakt veiðigjald eiga rétt á lækkun þess, vegna vaxtakostnaðar við kaup á aflahlutdeildum til ársloka 2011, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt.

#### Aðrar skattabreytingar frá árinu 2009:

- **Skattlagning lífeyrisgreiðslna.** Mótframlag launagreiðanda var talið til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldsstofni auk 2 m.kr. á ári.
- **Olíugjald var hækkað** um 1,65 kr. á lítra og bensingjald um 2,5 kr. á hvern lítra. Gert var ráð fyrir að verðlagsáhrif yrðu 0,10%. Einnig voru bifreiðagjöld hækkuð um 0,85 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, um 1,15 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg og um 2,82 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram 3.000 kg. Talið var að engin verðlagsáhrif yrðu við þessa hækkun.
- **Gjald af áfengi og tóbaki** hækkaði um 10%. Gert var ráð fyrir að verðlagsáhrifin yrðu 0,15%.
- **Viðbótarlífeyrissparnaður.** Heimild til útgreiðslu sparnaðarins var framlengd. Miðaði breytingin að því að samanlagður útgreiðslutími fjárhæðar sem nemur 2.500.000 kr. yrði 23 mánuðir í stað 18 mánaða. Heimild til frádráttar iðgjalda frá tekjuskattstofni vegna viðbótarlífeyrissparnaðar verður 2% í stað 4% árin 2012-2014.
- **Sjómannaafláttur** er afnuminn í þrepum á næstu árum og síðast veittur við álagningu 2014 vegna tekjuársins 2013.
- **Hlutfall erfðafjárskatts var hækkað** úr 5% í 10% auk hækkunar á fríeignamörkum úr 1 m.kr. í 1,5 m.kr. Tekjuauki ríkissjóðs var áætlaður 1 ma.kr. á ári.



- **Vörugjald** á áfengi, tóbak og sérstakt vörugjald í komuverslunum fríhafna hækkaði til samræmis við verðhækkanir. Sama gilti um almennt vörugjald af eldsneyti, sérstakt bensíngjald og olíugjald.

### Boðaðar skattahækkanir á atvinnulífið í fjárlagafrumvarpi 2013

**Tryggingagjald.** Boðuð er hækkun almenns tryggingagjalds um 0,3% (úr 4,99% í 5,29%) en atvinnutryggingagjald lækkar úr 2,45% í 2,15%. Fyrirtækin fá þannig ekki að njóta lækkaðra útgjalda til atvinnuleysistrygginga eins og gengið var út frá við gerð kjarasamninga vorið 2011. Minni fjárbörf Atvinnuleysistryggingasjóðs ætti að gefa tilefni til a.m.k. 0,75% lækkunar árið 2013. Tekjur ríkissjóðs aukast um 2,7 ma.kr. við 0,3% hækkun almenna tryggingagjaldsins.

**Hækkun VSK á gistiþjónustu.** Boðað er að VSK á gistiþjónustu hækki úr 7% í 25,5% frá 1. maí 2013 og er áætlað að hækkunin skili 2,6 ma.kr. á árinu 2013 en 3,5 ma.kr. á heilu ári. Fyrirvaralaus þreföldun virðisaukaskatts á gistiþjónustu kollvarpar áætlunum ferðajónustunnar fyrir næsta ár og setur viðskipti við erlend ferðajónustufyrirtæki í uppnám. Áformuð hækkun vörugjalda á bílaleigubíla gerbreytir einnig rekstrarfordendum ferðajónustu.

Áformað er að breyta fyrirkomulagi **vörugjalda á matvæli** sem skila á ríkissjóði 800 m.kr. auknum tekjum.

Árið 2009 var undirritað samkomulag milli stjórnvalda, SA og stórnotenda raforku um fyrirframgreiðslu tekjuskatts og **tímabundna álagningu orkusatts** gegn því að hann félli niður að þremur árum liðnum. Það samkomulag er nú að engu haft en í því fólst einnig að samráð yrði haft við Samtök atvinnulífsins um mótun sambærilegra skattaskilyrða og fyrirtæki í Evrópu búa við.

Boðaðar eru breytingar á fyrirkomulagi **fjársýsluskatts**, sem fyrst var lagður á árið 2012, en honum er ætlað að koma í stað virðisaukaskatts á innri vinnu fjármálafyrirtækja og var lögum um virðisaukaskatt breytt til samræmis. Samkvæmt þeim hugmyndum, sem kynntar voru í fjárlagafrumvarpi 2013, verði um að ræða tvö skattþrep þar sem hærri skattur verði lagður á laun umfram tiltekin mörk. Hvorki skatthlutföllin eða mörkin milli lægri og hærri launa hafa verið tilkynnt þegar þetta er skrifað. Jafnframt verði sérstaki fjársýsluskatturinn, sem nemur 6% af hagnaði fjármálafyrirtækja umfram 1 ma.kr., lagður af.

Áformað er að þessi skattheimta skili ríkissjóði 5,9 ma.kr. á árinu 2013 og er það 1 ma.kr. hækkun frá því sem að var stefnt á árinu 2012 eða um 20% hækkun á skattfjárhæðinni.

Í fjárlagafrumvarpinu segir í kafla 3.4.1. til skýringar á þessari breytingu að stefnt sé að því að taka upp tvö þrep í almennum fjársýsluskatti. Almennt gjald yrði lagt á laun upp að ákveðnu marki og herra á laun umfram það mark. Slíkt fyrirkomulag hvetji til hógvæðar við launaákvarðanir auk þess að hlífa störfum sem bera lægri laun með því að þau verði hlutfallslega ódýrari. Þá segir einnig í frumvarpinu að skattinum sé ætlað að stuðla að fjármálalegum stöðugleika með því draga úr launaskriði innan greinarinnar og fyrirbyggja óæskilega þenslu á fyrstu rekstrarárum endurreists fjármálakerfis. Þá segir að við samningu frumvarpsins hafi verið tekið mið af dönskum lögum um launaskatt sem verið hafi í gildi frá 1990 og reynst vel.

### 3.3 Um samráð og mat á áhrifum laga og reglugerða á atvinnulífið

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) hefur lagt mikla áherslu á að aðildarríkin vinni að umbótum á lögum og reglugerðum með það markmið að bæta efnahagsárangur og auka aðlögunarhæfni. OECD hefur gefið út leiðbeinandi reglur um gæði og árangur laga og reglugerða<sup>3</sup> en íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að fylgja eftir þessum tilmælum OECD. Lög um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999 eru viðleitni til þess að uppfylla þessa skyldu en þeim hefur ekki verið fylgt sem skyldi af stjórnvöldum. Meðal reglna OECD eru ákvæði um efnahagslegt og félagslegt mat á áhrifum laga og reglugerða. Meta skuli áhrifin frá sjónarhóli þeirra sem lúta lögnum fremur en stjórnvalda. Mælt er með því að tiltekinni aðferð sé beitt við mat á áhrifum (RIA greinargerðir, Regulatory Impact Assessment). Langflest aðildarríki stofnunarinnar beita þessari aðferð þegar stjórnarfrumvörp eru í undirbúningi. Nefna má Danmörku sem dæmi, en þar fylgja stjórnarfrumvörpum greinargerðir þar sem metin eru fjárhagsleg áhrif löggjafarinnar á ríki og sveitarfélög, efnahagsleg og fjárhagsleg áhrif á fyrirtæki, áhrif á borgarana sem og umhverfisleg áhrif. Um er að ræða tvenns konar greinargerðir; annars vegar undirbúningsgreinargerðir þegar lagatillögur ríkisstjórnar eru til meðhöndlunar og hins vegar endanlegar RIA-greinargerðir þegar frumvarp er kynnt á þingi.<sup>4</sup> Verulega skortir á að leiðbeiningareglum OECD um mat á áhrifum lagasetningar á atvinnulíf og almenning sé framfylgt hér á landi. Sú leið var farin hér á landi að setja það fram sem æskilegt markmið í Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa.<sup>5</sup>

Í handbókinni, bls. 11, segir um samráð að það stuðli að því að forsendur mála liggi fyrir áður en ákvörðun er tekin. Einnig styðjist samráð við þau lýðræðisrök að þeir sem ákvarðanir varða eigi þess kost að hafa áhrif á efni þeirra. Æskilegt sé að efna til samráðs við hagsmunaaðila og almenning við gerð allra þýðingarmeiri frumvarpa eftir því sem tími og aðstæður leyfa. Við mat á því hvort frumvörp eru þýðingarmikil mætti líta til þess hvort um nýja stefnumörkun sé að ræða, sem horfir til breytinga á viðkomandi málefnasviði, nýjar skyldur séu lagðar á einstaklinga, atvinnulíf, sveitarfélög o.s.frv., réttindi framangreindra aðila séu aukin eða þau skert eða fyrirhugaðar breytingar snerti marga.

Í handbókinni, bls. 13, segir að fara skuli fram almennt mat á áhrifum sem leiði í ljós þær afleiðingar sem samþykkt frumvarp muni hafi í för með sér. Matið eigi að vera faglegt og hlutlægt. Freista skuli þess að leggja tölulegt mat á kostnað og ávinning eða finna aðra áþreifanlega mælikvarða. Einkum eigi að reyna að leggja mat á þau áhrif fyrirhugaðra reglna sem telja megj veruleg. Áhrifin geti verið veruleg bæði vegna þess að þeirra gæti víða í þjóðfélaginu en einnig vegna þess að þau hafi mikið að segja fyrir afmarkaða hluta þjóðfélagsins.

Þá segir að rekja beri helstu afleiðingar frumvarpsins fyrir hagsmunaaðila. Fyrsta skrefið sé að lýsa því á hverja frumvarpið muni hafa áhrif. Síðan þurfi að greina hver þessi áhrif séu, hvort sem um er að ræða kostnað eða ávinning. Það eigi að vera keppikefli að draga upp eins áreiðanlega mynd og kostur er miðað við aðgengilegar upplýsingar. Samráð við hagsmunaaðila sé gagnlegt til þess að koma auga á áhrifin og hversu viðamikil þau séu.

3. OECD: OECD Guiding Principles For Regulatory Quality and Performance.

4. Þjállí reglur í þágu atvinnulífs og almennings. Áfangaskýrsla um verkefnið Einfaldara Ísland.

5. Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa. Forsætisráðuneytið, dóms- og kirkjumálaráðuneytið og skrifstofa Alþingis. Nóvember 2007.

Ekki þarf að fjölýrða um að verulega skortir á að stjórnvöld hafi fylgt þeirri stefnu undanfarin ár sem sett er fram í handbókinni varðandi samráð við hagsmunaaðila og mat á áhrifum þeirra fjölmörgu breytinga á skattalegu umhverfi atvinnulífsins sem gerðar hafa verið á undanföllum árum. Nægir að nefna lög um veiðigjald á útgerð og áform um hækkun virðisaukaskatts á gistingu því til staðfestingar.

Þá er mikilvægt að íslensk stjórnvöld veiti skattgreiðendum rýmri tímamörk til að aðlagast breytingum á skattaákvæðum en upp á það hefur skort á undanföllum árum og svo er enn, sbr. áform um hækkun á virðisaukaskatti á gistipjónustu frá maímánuði á næsta ári, en rúmur tímafrestir tíðkast í nágrannaríkjum okkar.

### 3.4 Mismunandi áhrif skattahækkana og gjaldalækkana

Skiptar skoðanir eru um hvernig snúa eigi miklum hallarekstri ríkissjóðs í afgang. Árin 2009 og 2010 minnkaði landsframleiðslan á Íslandi um 11%, skatttekjur drógust saman en ríkisútgjöld jukust. Þetta leiddi til sársaukafullra ákvarðana um tekjur og gjöld. Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld sömdu í júní 2009 um að hlutföllin yrðu 45% á tekjuhlið og 55% á gjaldahlið 2009-2011. Mat SA var að skattahækkunar á árunum 2009-2010 hefðu numið tæpum 70 ma.kr. og gjaldalækkunar rúmum 50 ma.kr. og þá hafi hlutföllin verið 58% á tekjuhlið og 42% á gjaldahlið. Svigrúm til skattahækkana var því nánast ekkert árið 2011 samkvæmt samkomulaginu en samt var haldið áfram á braut skattahækkana og í fjárlagafrumvarpi 2013 er enn áformað að hækka skatta um 22,5 ma.kr.<sup>6</sup>

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um tekjuöflun ríkisins í nóvember 2009 var sú kenning sett fram að ríkisútgjöld fjármögnuð með sköttum hefðu örvandi áhrif á hagkerfið. Misskilningur væri að skattheimta samfara útgjaldaaukningu dragi úr eftirspurn í hagkerfinu og leiði til samdráttar. Í reynd væri því öfugt farið. Þessi áhrif væru byggð á fræðilegum kenningum og athugunum með þjóðhagslíkönum, m.a. hér á landi. Ástæðan væri sú að aukning útgjalda ríkissjóðs auki eftirspurn í hagkerfinu meira en nemi samdrætti einkaneyslu vegna skattheimtunnar. Því væri skynsamlegt að beita skattahækkunum til að draga úr halla ríkissjóðs því þær hefðu minni áhrif til lækkunar landsframleiðslu til skemmri tíma en niðurskurður útgjalda. Sú spurning vaknar óhjákvæmilega hvort fylgjendur kenningarinnar telji að skattahækkunar eigi sér engin takmörk og að skatthlutföll geti orðið allt að 100% án þess að hafa áhrif á hegðun fólks og fyrirtækja.

Umrædd kenning styðst ekki við rannsóknir á áhrifum skattahækkana. Nefna má fræga og margtilvitnaða rannsókn tveggja hagfræðiprófessora<sup>7</sup> sem komust að þveröfugri niðurstöðu. Rannsóknin fjallaði um áhrif skattahækkana og gjaldalækkana á halla ríkissjóðs til lengri tíma og efnahagslífið almennt. Megin niðurstaðan var sú að aðlögun ríkisfjármála sem byggðist aðallega á lækkun útgjalda til tekjutilfærslna og launagreiðslna væri líklegust til þess að skila árangri og væri hvetjandi fyrir efnahagslífið. Á hinn bóginn væri aðlögun sem byggðist aðallega á skattahækkunum og samdrætti opinberra fjárfestinga ekki líkleg til varanlegs árangurs og stuðlaði að samdrætti. Rannsóknin studdist við gögn frá ríkjum OECD með sérstakri áherslu á þrjú ríki, þ.e. Danmörku, Írland og Ítalíu.

6. Vefur SA 19.9.2012: Skattar hækka um 22,5 milljarða 2013. <http://www.sa.is/frettir/almennar/nr/5593/>

7. Alberto Alesina og Roberto Perotti. Fiscal adjustment in OECD Countries. NBER Working Paper 5730 (1996).

### 3.5 Mat á skattahækkunum 2009-2013

Í meðfylgjandi töflu er lagt tölulegt mat á þær fjárhæðir sem skattahækkanir undanfarinna ára hafa skilað ríkissjóði. Upptalningin er ugglaut ekki tæmandi en nær til þeirra tekjustofna sem mestu máli skipta fyrir ríkissjóð. Niðurstaðan er að skattahækkanirnar hafi numið 87 ma.kr. og er þá í flestum tilvikum miðað við verðlag 2013. Það samsvarar 270 þús. kr. á hvern íbúa eða rúmlega 1. m.kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Heimildir eða aðferðir við mat á einstökum hækkunum er að finna í skýringum með töflunni.

#### Skattahækkanir frá árinu 2008 í m.kr. á verðlagi ársins 2013

	Skatttekjur m.v. skattkerfi 2008	Skatttekjur skv. fjárlaga frumvarpi 2013	Skattahækkun milli 2008 og 2013
1. Tekjuskattur einstaklinga	105.700	108.500	2.800
2. Afnáam sjómannaafsláttar			1.100
3. Tekjuskattur hlutafélaga	26.600	35.400	8.800
4. Fjármagnstekjuskattur	13.300	17.300	4.000
5. Auðlegðarskattur	0	7.440	7.440
6. Tryggingagjald	48.372	70.572	22.200
7. Virðisaukaskattur alls	146.100	154.500	8.400
8. Þ.a. VSK á gistinguþjónustu			2.600
9. Vörugjöld á tiltekin matvæli	0	3.000	3.000
10. Bankaskattur	0	1.150	1.150
11. Fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki	0	5.920	5.920
12. Kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti	0	3.590	3.590
13. Veiðigjöld	3.800	14.900	11.100
14. Erfðafjárskattur	1.600	3.200	1.600
15. Orkuskiptur	0	2.300	2.300
16. Vörugjald af bílaleigubílum			500
17. Tóbaksgjald	5.470	6.270	800
18. Olíugjald	8.400	7.300	-1.100
19. Bensíngjald	4.300	5.000	700
<b>Samtals</b>			<b>86.900</b>

#### Skýringar:

1. Áætlað er að skattbyrði vegna tekjuskatts einstaklinga hafi aukist um 0,7% milli 2008 og 2012 (tekjur 2007 og 2011) eða n.t.t. að skattbyrði á tekjuskattstofn yfir skattleysismörkum hafi hækkað úr 26,1% í 26,8%. Staðgreiðsluhlutfall var eitt árið 2008, 35,72%, en í þremur þrepum árið 2012; 37,34%, 40,24% og 46,24% vegna tekna undir 230.000, milli 230.000 og 704.367 og yfir 704.367 kr. Persónuafsláttur var 34.034 kr. árið 2008 og 46.532 kr. árið 2012 sem er 37% hækkun. Til samanburðar hækkaði launavísitala um 26% á sama tímabili þannig að vægi persónuafsláttar er mun meira nú en 2008.

2. Heildarupphæð sjómannaafsláttar nam 1.105 m.kr. árið 2008 (þskj. 673 - 304. mál, 138. löggjafarþing 2009-2010).
3. Tekjuskattur hlutafélaga hækkaði úr 15% í 20% milli álagningaráranna 2008 og 2012, þ.e. um þriðjung.
4. Skv. RSK, Tíund okt. 2012, hækkaði meðalhlutfall fjármagnstekjuskatts úr 10% í 13% milli álagningaráranna 2008 og 2012.
5. Auðlegðarskattur var fyrst lagður ár 2010.
6. Tryggingagjald var 5,34% árið 2008 og verður 7,79% árið 2013 skv. fjárlagafrumvarpi, þ.e. hækkunin nemur 2,45% af stofni.
7. Áætlað er að hver prósentu í efra þrepi virðisaukaskatts skili 5,8 ma.kr. í skatttekjur.
8. Áformað er að hækka VSK á gistipjónustu í hærra þrep VSK frá 1. maí 2013 sem skili ríkissjóði 2,6 ma.kr. á því ári. Heilsársáhrif eru áætluð 3,5 ma.kr.
9. Vörugjöld á tiltekin matvæli voru tekin upp á ný árið 2009, eftir að hafa verið aflögð árið 2007 og er því um að ræða nýjan skatt.
10. Bankaskattur var ekki lagður á árið 2008.
11. Fjársýsluskattur var ekki lagður á árið 2009.
12. Kolefnisgjald var ekki lagt á árið 2010.
13. Árið 2008 var veiðigjaldið 9,5% af reiknaðri framlegð og er áætlað að það hlutfall hefði skilað ríkissjóði 3.600 m.kr. skatttekjum á næsta ári.
14. Erfðafjárskattur var tvöfaldaður árið 2010.
15. Orkuskattur var ekki lagður á árið 2008.
16. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2013 er áætlaður tekjuauki af hækkun vörugjalds af bílaleigubílum 500 m.kr.
17. Hækkun umfram vísitölu neysluverðs frá desember 2008 til desember 2012. Vísitalan hækkaði um 43% á þessu tímabili en tóbaksgjaldið samanlagt um 64% (það skiptist í gjald á vindlinga og annað tóbak).
18. Hækkun umfram vísitölu neysluverðs frá desember 2008 til desember 2012. Vísitalan hækkaði um 43% á þessu tímabili en olíugjaldið um 24,5%. Ástæða þess að olíugjaldið hækkaði minna en verðlag var upptaka kolefnisgjalds.
19. Hækkun umfram vísitölu neysluverðs frá desember 2008 til desember 2012. Vísitalan hækkaði um 43% á þessu tímabili en bensíngjaldið samanlagt um 68%, en það skiptist í almennt og sérstakt gjald.











## 4 TILLÖGUR Í SKATTAMÁLUM

### 4.1 Eignarskattar

#### 4.1.1 Auðlegðarskattur

**Tillaga: Ákvæði um auðlegðarskatt verði ekki framlengt.**

Auðlegðarskatturinn var lögfestur árið 2009 til þriggja ára en hefur verið framlengdur til ársins 2014. Með lögfestingu auðlegðarskatts var á ný tekinn upp eignarskattur sem almennt hefur verið talinn óréttlátur. Skatturinn skekkir samkeppnisstöðu landsins og flest nálæg lönd hafa afnumið hann á undanförunum árum. Einungis þrjú lönd utan Íslands leggja á eignarskatta. Í skýrslu sem AGS vann fyrir fjármálaráðherra árið 2010 kemur fram að auðlegðarskatturinn er gallaður og að álagning hans hafi sömu áhrif og upptaka viðbótar 18% skattþreps á háar fjármagnstekjur.

<b>Greiðendur auðlegðarskatts 2012 vegna eigna í árslok 2011</b>	
Fjöldi greiðenda	6.057
	<b>Fjárhæðir í m.kr.</b>
Auðlegðarskattur samtals	7.382
Auðlegðarskattur pr. greiðanda	1,2
Fjármagnstekjur greiðenda	27.785
Fjármagnstekjur pr. greiðanda	4,6
	<i>Heimild: RSK</i>

Upplýsingarnar í töflunni hér til hliðar staðfesta þetta mat og rúmlega það. Greiðendur auðlegðarskatts voru rúmlega sex þúsund og var lagður á þá tæplega 7,4 ma. kr. skattur, eða að meðaltali 1,2 m.kr. Þessir greiðendur auðlegðarskattsins höfðu 27,8 ma.kr. í fjármagnstekjur árið 2011 eða 4,6 m.kr. að meðaltali. Auðlegðarskatturinn nemur því 27% af fjármagnstekjum þessara framteljenda sem kemur til viðbótar 20% fjármagnstekjuskatti.

Ákvæði í lögum um auðlegðarskatt eru óskýr um margt. Hugtakið „skattalegt bókfært eigið fé“, sem er grundvallarhugtak í aðferðafræði sem skatturinn byggir á, er óskýrt því þótt ríkisskattstjóri hafi skilgreint það á framtalseyðublöðum er það hvergi skilgreint í lögum. Einnig eru mörg fyriræli í lögunum illframbærleg. Þar að auki mismuna fjárhæðarmörk einstaklingum og hjónum.

Þar sem álagning opinberra gjalda á einstaklinga fer fram í lok júlí ár hvert en á lögaðila í lok október verður að endurákvæða auðlegðarskattstofninn og endurreikna skattinn sérstaklega samhliða almennri álagningu skattsins vegna næstliðins árs, að teknu tilliti til raunvirðis eignarhluta í félögum og viðmiðunarmarka.

Lagaákvæðin um auðlegðarskatt geta leitt til þess að fólk flytji í vaxandi mæli úr landi og leiti hagfelldara skattaumhverfis fyrir sífellt stærra hluta eignasafns síns. Hætt er við að nýjar fjárfestingar viðkomandi verði erlendis. Einnig getur þetta leitt til þess að æðstu stjórnendur fyrirtækja verði frekar staðsettir erlendis og að umfang erlendra starfsemi fari hlutfallslega vaxandi. Aðrir sem ekki eiga þess kost að flytjast búferlum munu leita annarra úrræða til að forðast eignaupptöku. Þá munu einstaklingar sem eiga fastafjármuni eða eignarhluti í félögum geta lent í erfiðleikum með að greiða skattinn vegna erfiðrar lausafjárstöðu þótt eignastaðan sé góð.

### 4.1.2 Stimpilgjald

**Tillaga: Stimpilgjöld verði afnumin í áföngum á þremur árum. Í fyrsta áfanga verði afnumin stimpilgjöld við endurfjármögnun lána, óháð því hvort um sé að ræða lán vegna íbúðarþauka eða atvinnurekstrar, og á útgáfu hlutabréfa. Í öðrum áfanga yrðu felld niður stimpilgjöld af öllum viðskiptum tengdum íbúðarhúsnæði og í þriðja áfanga yrðu önnur stimpilgjöld felld niður. Í stað stimpilgjalda komi notendagjald til þess að standa straum af kostnaði við nauðsynlega skjalaskráningu og varðveislu gagna í tengslum við fasteignaviðskipti.**

Atvinnulífið hefur um langt skeið talað fyrir afnámi stimpilgjalda, en slík gjöld hafa verið lögð af í helstu viðskiptalöndunum og skerða því samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Stimpilgjöld eru handahófskennd þar sem fyrirtæki, sem hafa til þess leiðir, víkja sér að mestu undan því að greiða skattinn á meðan önnur komast ekki hjá því.

Einstaklingar greiða einkum stimpilgjöld í tengslum við fasteignakaup, þó ekki vegna kaupa á húsnæði í fyrsta sinn. Þar sem stimpilgjaldið veitir rétt til vaxtabóta, eins og annar lántökukostnaður, er það að hluta endurgreitt einstaklingum (að mismiklu leyti eftir tekjum og eignum þeirra) ári eftir innheimtu þess. Það þekkist ekki á Norðurlöndunum að lagt sé á stimpilgjald í annað sinn í tengslum við endurfjármögnun lána.

Tekjur ríkisins af stimpilgjöldum eru áætlaðar 3,6 ma.kr. í ár og 4,1 ma.kr. á árinu 2013. Frá þeim tekjum dragast endurgreiðslur í gegnum vaxtabótakerfið, en þær fjárhæðir eru hvergi birtar. Samkvæmt lauslegri athugun fjármálaráðuneytis má ætla að um helmingur tekna af stimpilgjöldum tengist fasteignaviðskiptum.

### 4.2 Fjármagnstekjuskattur

**Tillaga: Fjármagnstekjuskattur verði lækkaður í áföngum aftur í 10% með breiðum stofni. Ef ekki er vilji fyrir því er lagt til að verði horfið frá brúttóskattlagningu.**

Fjármagnstekjuskattur var hækkaður úr 10% í 18% vegna tekjuársins 2010. Frá sama tíma var tekið upp 100.000 kr. frítekjumark gagnvart vaxtatekjum einstaklinga og 30% tekna af útleigu íbúðarhúsnæðis voru undanskilin skattstofni. Fjármagnstekjuskattur var síðan hækkaður í 20% vegna tekjuársins 2011.<sup>8</sup>

Í meðfylgjandi töflu sem unnin er upp úr skattframtölum ársins 2012, vegna fjármagnstekna 2011, kemur fram að upptaka frítekjumarksins hefur haft þau áhrif að greiðendum fjármagnstekjuskatts hafi fækkað um tæplega 70%. Það hefur þó ekki haft í för með sér mikla lækkun fjármagnstekna fyrir ríkissjóð þar sem þeir sem hafa meira en 100.000 kr. í fjármagnstekjur á ári fá í sinn hlut 96% allra fjármagnstekna.

#### Fjármagnstekjur einstaklinga 2012

Fjármagnstekjur, kr. á bilinu	Fjöldi	Fjármagnstekjur alls. m.kr.
0	87.628	0
1-100.000	119.234	2.156
Yfir 100.000	37.864	55.540
Samtals	244.726	57.696

Heimild: RSK

8. Lög nr. 128/2009 og nr. 164/2010.

Fjórir helstu flokkar fjármagnstekna eru vaxtatekjur, arður af hlutabréfum, söluhagnaður og leigutekjur. Fjármagnstekjurnar eru skattlagðar með þrenns konar hætti, þ.e. vaxtatekjur hafa frítekjumark, arður og söluhagnaður hafa ekki frítekjumark og leigutekjur eru í raun skattlagðar með 14% hlutfalli þar sem einungis 70% þeirra teljast til skattskyldra tekna.

Tvöföldun skatthlutfallsins fól ekki í sér tvöföldun skattbyrðar vegna frítekjumarksins gagnvart vaxtatekjum og 30% afsláttarins gagnvart leigutekjum. Hversu mikil skattahækkunin er fer eftir samsetningu fjármagnsteknanna, sem getur breyst mikið milli ára, og því hve stór hluti vaxtatekna fellur undir frítekjumarkið. Meðfylgjandi tafla gefur ágæta vísbendingu um skattahækkunina en hún er byggð á upplýsingum úr *Tíund*, fréttablaði ríkisskattstjóra.

### Fjármagnstekjur og fjármagnstekjuskattur einstaklinga 2008-2012

Álagningarár	2008	2009	2010	2011	2012
Vaxtatekjur	44.646	109.422	78.745	40.482	49.447
Arður af hlutabréfum	43.950	52.420	41.202	12.149	12.985
Söluhagnaður	151.312	27.243	13.239	7.138	8.268
Leigutekjur	4.338	5.358	6.084	6.520	7.566
Fjármagnstekjur alls	244.246	194.443	139.270	66.289	78.266
Fjármagnstekjuskattur	25.255	19.741	15.704	10.128	10.271
Fjármagnstekjuskattur sem % af fjármagnstekjum	10,3%	10,2%	11,3%	15,3%	13,1%

Heimild: *Tíund*, fréttablað RSK okt. 2012

Samkvæmt framangreindum upplýsingum úr skattframtölum hækkaði hlutfall skatttekna ríkisins af fjármagnstekjum úr u.þ.b. 10% álagningarárin 2008 og 2009 (tekjuárin 2007 og 2008) í rúm 15% árið 2011 en lækkaði síðan í rúm 13% árið 2012.

Með hækkun fjármagnstekjuskatts sögðust stjórnvöld vera að samræma skattgreiðslur af fjármagni og launum. Sú stefna byggir á ákveðnum misskilningi auk þess sem hækkun fjármagnstekjuskatts dregur úr sparnaði og hvata til fjárfestinga. Gildar ástæður eru fyrir því að fjármagnstekjuskattur eigi að vera lægri en skattur á launatekjur.

Í fyrsta lagi eru fjármagnstekjur kvikur skattstofn og við eðlilegar aðstæður (þ.e. frjálsa fjármagnsflutninga) dregur hár skattur úr erlendri fjárfestingu héraendis, auk þess sem innlendir fjármagnseigendur geta kosið að ávaxta fjármuni sína erlendis. Uppbygging atvinnulífs getur eingöngu átt sér stað með því að nýta innlandan sparnað til fjárfestinga og leita eftir erlendu lánsfé. Hár fjármagnstekjuskattur dregur úr hvoru tveggja.

Í öðru lagi er samanburður á skatthlutfalli fjármagnstekjuskatts milli Íslands og nálægra landa ekki sanngjarn þar sem verðbólga hefur verið margföld hér á landi. Erlendis er almennt heimilt að færa vaxtagjöld til frádráttar vaxtatekjum þegar kemur að útreikningi fjármagnstekjuskatts (þ.e. nettóskattlagning). Raunskattur á fjármagnstekjur getur því orðið mun hærri hér á landi en í nálægum ríkjum þótt skatthlutfallið sé lægra. Neikvæðir raunvextir af sparnaði fela í sér að skattur er lagður á þann hluta vaxta sem viðheldur raunvirði höfuðstólsins og því felur skattlagningin í sér að raunvirði sparnaðarins rýrnar.

Í þriðja lagi er samanburður á 20% skatti á fjármagnstekjur og 35% skatti af launatekjum ekki réttur, þar sem vextir eru að hluta til leiðrétting vegna verðryrnunar af völdum verðbólgu og

Þann hluta vaxta er óeðlilegt að skilgreina sem tekjur. Skattlagning á verðleiðréttingu sparnaðar er því eignaupptaka.

Þegar kemur að arðgreiðslum, þá hefur af þeim þegar verið innheimtur skattur í formi tekjuskatts fyrirtækja. Áður en fyrirtæki greiða arð þurfa þau að skila hagnaði og greiða af honum tekjuskatt. Eiginlegur skattur á fjármagnstekjur vegna arðs er því fjármagnstekjuskattur að viðbættum áhrifum vegna tekjuskatts lögaðila, eða sem nemur um 36%, sem er hærra en skattur á launatekjur. Þannig er skattlagning fjármagnstekna úr atvinnurekstri (skattur á hagnað og arð) sambærileg við skattlagningu launatekna en þar sem hluti skattstofnsins er verðuppfærsla er skattbyrðin á rauntekjur af fjármagni hærri og því hærri sem verðbólgan er meiri.

### 4.3 Kolefnisgjald

**Tillaga: Fyrirkomulag orku- og auðlindaskatta verði tekið til endurskoðunar. Við það verði miðað að ekki sé á sama tíma verið að skattleggja aðföng og losun gróðurhúsalofttegunda.**

Lög nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta kveða á um að greiða skuli kolefnisgjald af fljótandi jarðefnaeldsneyti í ríkissjóð. Með fljótandi jarðefnaeldsneyti er átt við gas- og dísilolíu, bensín, flugvéla- og þotuelsneyti og brennsluolíu. Kolefnisgjald er þó ekki innheimt af eldsneyti sem selt er til millilandaflugs enda er það í andstöðu við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Gjaldið hefur ekkert með umhverfismál að gera heldur er það fyrst og fremst tekjuöflun fyrir ríkissjóð og er sama eðlis og vörugjöld. Ekkert mat var lagt á áhrif skattheimtnnar til minnkunar útstremis gróðurhúsalofttegunda þegar gjaldið var fyrst lagt á og engin tilraun var gerð til að meta áhrif 50% hækkunar gjaldsins í desember 2010 eða þriðjungs hækkunar í desember 2011.

Samtök atvinnulífsins mæltu eindregið gegn þessum hækkunum og bentu á að aðaláhrif þessarar skattlagningar væru að samkeppnisstaða sjávarútvegs og annarra útflutningsgreina skekkist verulega. Íslensk útflutningsfyrirtæki geta ekki tekið meira á sig en samkeppnisaðilar í öðrum löndum. Þegar lögin voru upphaflega sett árið 2009 var verð á losunarheimildum í Evrópu 13 € á hvert tonn CO<sub>2</sub> og var gjaldið reiknað út frá því og ákveðið að það skyldi nema um 50% af þessu reiknaða verði. Frá því lögin voru sett hefur verðið á losunarheimildum á markaði í Evrópu lækkað úr 13 € á tonnið í innan við 8 € á hvert tonn (október 2012). Þannig eru forsendur hækkunar gjaldsins, sem sem lög nr. 164/2011 byggðu á, ekki fyrir hendi.

Með tilskipun nr. 2008/101 voru allar flugsamgöngur felldar undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (ETS) og frá næstu áramótum munu orkufrekur iðnaður, fiskimjólsværsmiðjur og steinullarverksmiðjan falla undir sama kerfi. Ríkissjóður Íslands mun öðlast sinn skerf í sölu sameiginlegra losunarheimilda sem boðnar verða upp á evrópska efnahagssvæðinu.

Í athugasemdum fjármálaráðuneytisins sem fylgdu frumvarpi um loftslagsmál (mál 751, 140. þing) er talið að tekjur ríkissjóðs af uppboðum loftslagsheimilda geti orðið 600 m.kr. á árinu 2013 og muni síðan fara vaxandi. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (aðgerðir í skattamálum, verðlagsbreytingar o.fl.) á 140. þingi (mál 195, þingskjal 200) kom meðal annars fram eftirfarandi: „Ljóst er að taka þarf álagningu kolefnisgjalds til frekari skoðunar á næsta ári með hliðsjón af þeim breytingum sem framundan eru á viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, en þær eru

meðal annars fólgnar í því að losun frá álverum og járnblendi mun að öllum líkindum verða háð losunarheimildum frá og með 1. janúar 2013.”

Samtök atvinnulífsins óskuðu eftir því að fjármálaráðuneytið eyddi hið fyrsta óvissu um hvort ríkisstjórnin hygði á frekari skattlagningu á stórnotendur á raforku en þá sem kveðið er á um í samkomulaginu frá 7. desember 2009. Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 15. júní 2010, kemur m.a. fram „að ekki eru uppi áform um annað en að virða ákvæði þess samkomulags, sbr. bæði 1. og 2. tölulið“.

Í minnisblaði fjármálaráðuneytisins frá 28. nóvember 2011, m.a. í tengslum við ofangreint frumvarp sagði: „Ekki hefur staðið til af hálfu stjórnvalda að leggja skatt á hvort tveggja, aðföng í formi kolefnis af jarðefnauppruna og útblástur gróðurhúsalofttegunda.“ Í minnisblaðinu er einnig vísað til sameiginlegrar yfirlýsingar fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, SA og stórnotenda á raforku þar sem m.a. kemur fram „...að skattheimta að teknu tilliti til fyrirkomulags og kostnaðar vegna viðskipta með útblástursheimildir, feli almennt ekki í sér lakari starfsskilyrði fyrir fyrirtæki sem reka starfsemi sína hér á landi samanborið við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði.“

Þannig hefur það legið fyrir um nokkra hríð að fyrirkomulag orku- og auðlindaskatta yrði tekið til endurskoðunar þegar fyrir lægi útfærsla á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir hér á landi. Við það yrði miðað að ekki væri á sama tíma verið að skattleggja aðföng og losun gróðurhúsalofttegunda.

Flugfélag Íslands hefur áætlað að kolefnisgjald vegna innanlandsflugs verði 50 m.kr. á árinu 2012 og að á sama tíma verði keyptar losunarheimildir fyrir um 20 m.kr. Þegar haft er í huga að millilandaflug mun einnig þurfa að afla verulegra losunarheimilda verður ekki séð að ríkissjóður muni tapa neinu í tekjum þótt flugvéla- og þotueldsneyti verði fellt úr lögum nr. 129/2009 frá og með næstu áramótum.

SA mótmæltu haustið 2011 fyrirhugaðri breytingu á lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta þar sem leggja átti kolefnisgjald og raforkuskatt á stóriðju. Vísuðu samtökin til samkomulags fjármálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins annars vegar og Samtaka atvinnulífsins, Norðuráls Grundartanga ehf., Alcan á Íslandi hf., Alcoa á Íslandi ehf. og Elkem á Íslandi ehf. hins vegar varðandi raforkuskatt og fyrirframgreiðslu tekjuskatts og annarra opinberra gjalda þann 7. desember 2009. Þar var, í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs, samið um tímabundna álagningu raforkuskatts ásamt fyrirframgreiðslu tekjuskatts fyrirtækjanna í þrjú ár, þ.e. 2010-2012.

Kolefnisgjald á rafskaut er hvergi innheimt í ESB og yrði til þess að starfsskilyrði fyrirtækjanna hér á landi versnuðu mjög í samanburði við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði.

Við endurskoðun á reglum Evrópusambandsins hvað varðar samræmda skattlagningu á orkugjafa (2003/96/EC) kemur skýrt fram sú meginregla að fyrirtæki í iðngreinum sem hætt er við kolefnisleka séu undanþegin viðbótarskattlagningu á losun, þ.m.t. beinni skattlagningu á orkugjafa sem leiða til losunar gróðurhúsalofttegunda. Tvöföld skattheimta sé ekki til þess fallin að ná fram viðbótarsamdrætti útstreymis heldur verði einungis til að auka kostnað fyrirtækjanna (sjá 7 mgr. formála draganna).

## 4.4 Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki

**Tillaga: Ekki verði gerðar breytingar á fyrirkomulagi þeirrar skattlagningar sem samkomulag varð um við fjármálafyrirtæki við afgreiðslu málsins haustið 2011.**

Endanleg útfærsla á fjársýsluskatti sem lögfestur var á árinu 2012 byggði að nokkru á samkomulagi við fjármálafyrirtækin. Upphafleg tillaga fólst í því að leggja 10,5% skatt á laun, þóknanir og hlunnindi starfsmanna fjármálafyrirtækja. Í ljósi þess að slíkt hefði verið þung byrði á minni fjármálafyrirtæki lögðu fjármálafyrirtækin til að hluti tekjuöflunarinnar yrði í formi sérstaks tekjuskatts, sem legðist fyrst og fremst á stærri fyrirtækin, þ.e í aðalatriðum á stóru bankana þrjá. Þá var það einnig afstaða fjármálafyrirtækjanna að sérstaki fjársýsluskatturinn yrði tímabundinn og myndi færa ríkissjóði tekjur á allra næstu árum ef um væri að ræða óvenjulegan hagnað m.a. vegna endurmats eignasafna. Niðurstaðan varð sú að lögfestur var annars vegar almennur fjársýsluskattur, 5,45% af launastofni, og hins vegar sérstakur fjársýsluskattur, sem er 6% viðbótartekjuskattur á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 ma.kr. Engar viðræður hafa átt sér stað í undirbúningi fjárlagafrumvarps 2013 um breytingar á þessu samkomulagi.

Áform stjórnvalda um skatthlutföll fjársýsluskattsins komu ekki fram í fjárlagafrumvarpi 2013 en þar er sett markmið um að tekjuöflunin aukist um 20% á árinu 2013 og að skatturinn verði mishár eftir launum starfsmanna. Ef meðalhækkun launa milli árána 2012 og 2013 er um 5% þýðir þetta að meðalhutfallið af þrepunum tveimur gæti verið um 15% hærra en lagt var upp með í fjárlagafrumvarpi ársins 2012, eða um 12% ( $10,5\% * 1,15$ ). Í ljósi þess að fleiri starfsmenn fjármálafyrirtækja verða í lægri tekjuhópnum er líklegt að lægra skatthlutfallið þurfi að liggja býsna nálægt meðaltalinu, sem mun hafa í för með sér nálægt tvöföldun þessa skatts á lægri tekjuhópinum sem þó er sagt að eigi að hlífa.

Hér er um að ræða mjög háan kostnað fyrir fjármálafyrirtæki. Laun eru 40%-45% af rekstrarkostnaði stærstu fjármálafyrirtækjanna og í minni fyrirtækjum er þetta hlutfall oft mun hærra. Kostnaðaraukinn er því að lágmarki um 5%. Vaxtamunur innlánsstofnana er almennt á bilinu 55%-100% af rekstrarkostnaði. Því eru líkur á að þessi breyting muni skila sér í 3%-5% hækkun á vaxtamun eða öðrum tekjum. Hluti af áhrifunum er að einhverju leyti kominn fram vegna skattheimtu þessa árs.

Eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins er tveggja þrepa fjársýsluskattinum ætlað að „...stuðla að fjármálalegum stöðugleika með því draga úr launaskriði innan greinarinnar.“ Hér er farið inn á nýja braut í skattheimtu hér á landi, þ.e. að beita launaskatti til þess að hafa áhrif á hlutfallslega launaþróun mismunandi tekjuhópa. Algjörlega er óvíst hvort tveggja þrepa fjársýsluskattur muni ná þessu markmiði. Lítil reynsla er af aðgerðum af þessu tagi á alþjóðavettvangi enda aðeins stuðst við þrepaðan launaskatt í Frakklandi. Mishár tekjur framteljenda eru gjarnan skattlagðar í þrepum í tekjuskattskerfum. Eftir efnahagshrunið 2008 var þrepum í tekjuskattskerfi einstaklinga hér á landi fjölgað og skatthlutföll hækkuð og mætti ætla að með því teldu stjórnvöld nóg að gert.

Skattur á rekstrarkostnað fjármálafyrirtækja í stað skattlagningar á hagnað eykur áhættu í rekstri þeirra og stuðlar ekki að auknum fjármálastöðugleika eins og stefnt er að.

Fjármálafyrirtæki taka ekki ákvarðanir um mannhald með hliðsjón af einstökum launþegum, heldur á grundvelli afkomu einstakra rekstrareininga, t.d. útibúa og lánasviða, enda liggja

sjaldnast fyrir upplýsingar um arðsemi einstakra starfsmanna. Skattur sem þessi mun hafa áhrif á rekstraruppgjör slíkra rekstrareininga. Veikast munu útibú bankanna standa, sérstaklega á landsbyggðinni, enda hefur þeim fækkað á undanförunum árum. Þá er rekstur sparisjóða sem eftir standa mjög erfiður. Líklegt er að skatturinn hafi fyrst og fremst áhrif til þess að gera slíkar einingar óarðbærar. Skatturinn er því líklegur til að stuðla að fækkun útibúa en þar eru starfsmenn að stærstum hluta konur (80%). Hærra launuðu störfín eru fyrst og fremst í höfuðstöðvum en þar er arðsemin meiri, m.a. vegna stærðarhagkvæmni í rekstri. Þessi áhrif eru þvert á stefnu frumvarpsins, þ.e. að hlífa lægra launuðu störfunum.

Ný fjármálafyrirtæki sem sprottið hafa upp eftir 2008 eru mörg hver ráðgjafar- og sérfræðifyrirtæki þar sem laun eru stærstur hluti rekstrarkostnaðar. Þar mun hækkan fjársýsluskattsins hafa afgerandi áhrif á rekstrarkostnað. Skatturinn mun þannig draga úr nýsköpun og samkeppni. Í heild mun breyting skattsins veikja stöðu minni fyrirtækja og draga hugsanlega úr samkeppni á fjármálamarkaði.

Engin teikn eru á lofti um að fjármálastöðugleika hér á landi stafi hættu af launaþróun í fjármálafyrirtækjum. Fjórum árum eftir efnahagshrunið og þremur árum eftir fjárhagslega endurskipulagningu stóru bankanna er eiginfjárstaða þeirra traust og hefur eflst ár frá ári.

Áformað er að fjársýsluskattur skili ríkissjóði 5,9 ma.kr. á árinu 2013. Þessi skattlagning bætist við 1.160 m.kr. bankaskatt sem lagður er á heildarskuldir fjármálafyrirtækja. Þá standa fjármálafyrirtækin undir rekstri af Fjármálaeftirlitinu (FME) og embætti umboðsmanns skuldara. Fjárlagafrumvarp næsta árs ráðgerir að kostnaður fjármálafyrirtækja vegna bankaskatts, FME og umboðsmanns skuldara nemi samtals 3,6 ma.kr. Við þetta bætast iðgjöld í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta sem áætluð eru um 3 ma.kr. á árinu 2013. Samtals eru þessi sérstöku gjöld sem lögð eru á fjármálafyrirtækin um 12,5 ma.kr. eða um 14% af heildarvaxtamun ársins 2011. Óhjákvæmilegt er að þessi mikli kostnaður hafi áhrif á vaxtamun og þar með á lánskör lánþega og sparenda hér á landi.

Þá mun þessi breyting hafa áhrif á starfsskilyrði váttryggingafélaga þar sem þau eru í beinni samkeppni við erlend váttryggingafyrirtæki. Samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja mun versna og þjónustan að einhverju leyti flytjast úr landi.

## 4.5 Skattaívilnanir vegna nýsköpunar<sup>9</sup>

### Tillaga: Skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum verði tekinn upp.

Mikilvægt er að frumvarp til laga um skattafslátt vegna hlutabréfakaupa verði lagt fram og samþykkt á haustþingi og taki gildi í upphafi árs 2013. Æskilegt er að frumvarpið verði í samræmi við tillögur starfshóps ráðherranefndar um atvinnumál og tillögur Tækni- og hugverkafings 2011. Skattafslátturinn hvetur til aukinnar fjárfestingar í litlum og meðalstórum nýsköpunarfyrirtækjum sem er forsenda fyrir uppbyggingu þekkingar, verðmætasköpun, nýjum störfum og samkeppnishæfni Íslands.

Í lok árs 2009 var frumvarp til laga nr. 152 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki samþykkt nær samhljóða á Alþingi. Markmið laganna var að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og

9. Þessi kafli byggir annars vegar á minnisblaði SI, dags. 17. september 2012: Skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa, og hins vegar tillögum SI/SSP (HSV) um skattafslátt við hlutabréfakaup í nýsköpunarfyrirtækjum.



efla rannsóknir og þróunarstarf með því að veita nýsköpunarfyrirtækjum rétt til skattafsláttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni og að hvetja einstaklinga og lögaðila til að fjárfesta í þeim. Endurgreiðsla kostnaðar við nýsköpunarverkefni er komin til framkvæmdar með góðum árangri. Sá hluti frumvarpsins, sem fjallaði um skattafslátt vegna hlutabréfakaupa, var dreginn til baka vegna athugasemda frá ESA. Ekki er talin þörf á að gera miklar breytingar á frumvarpinu til að mæta þeim athugasemdum.

Fjármálaráðuneytið skoðar útfærslu að sænskri fyrirmynd sem felur í sér frestunarákvæði á skattlagningu. Þó kæmi til fullrar skattlagningar við sölu ef fjárfestingin hefur skilað hagnaði. Í röðum nýsköpunarfyrirtækja eru efasemdir um ágæti slíks „frestunarákvæðis“, vegna neikvæðs hvata sem í því felst, vegna aukins flækjustigs, skráningar og eftirlits skattfyrivalda með skattheimtu við sölu bréfanna.

Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja hafa sett fram tillögur sem standast leiðbeiningar ESA/ESB varðandi stuðning ríkja til að hvetja til áhættufjármögnunar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.<sup>10</sup>

#### 4.5.1 Tillaga SI um skattafslátt við hlutabréfakaup í nýsköpunarfyrirtæki

1. Skattaðili, einstaklingur, hefur heimild til að draga kaupverð hlutabréfa frá skattskyldum tekjum, sama ár og greitt er fyrir hlutabréfin og næstu tvö ár þar á eftir. Hámarksfjárhæð er 5 milljónir króna á ári. Heimilt er að nota ónotaða heimild maka.
2. Fyrirtækin, sem fjárfest er í, þurfa að flokkast sem lítil fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu ESB/ESA en hún felur í sér að hámarksvelta eða stærð efnahagsreiknings sé 10 milljónir evra eða 50 starfsmenn. Krafist er að rannsóknar- og þróunarkostnaður, samkvæmt ársreikningi, sé a.m.k. 2,5% af rekstrarkostnaði eða tekjum (skv. skilgreiningu OECD á „medium high-tech companies“). Fyrirtækin skulu hljóta staðfestingu frá Rannís.
3. Meðalstór fyrirtæki (50-250 starfsmenn) geta einnig nýtt heimildina að fengnu sérstöku samþykki, sbr. kafla 5 í leiðbeiningum ESA. (Samþykki ESA er hugsanlega háð því að fyrirtæki noti meira en 7% af veltu í rannsóknir og þróunarkostnað skv. skilgreiningu OECD á „high-tech R&D companies“ og færð rök fyrir þörfinni á áhættufjármagni í þessum fyrirtækjum).
4. Heildarfjárhæð opinbers stuðnings til fyrirtækis takmarkast af skuldbindingum Íslands skv. samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nú 2,5 milljónir evra á hvert fyrirtæki á ári.
5. Fyrirtæki hafi heimild til að greiða laun í formi hlutafjár með sömu takmörkunum og koma fram hér að framan. Einstaklingar greiði ekki tekjuskatt af launum sem greidd eru í formi hlutafjár. Fjármagnstekjuskattur sé greiddur við sölu bréfanna. Greiða skal tryggingagjald og í lífeyrissjóð af launum sem eru greidd í formi hlutafjár. (Lagt er til að notuð verði svipuð aðferð og beitt er við skattkort einstaklinga, þ.e. hver einstaklingur fær skattkort með tiltekinni heimild.)

10. Reglur ESA varðandi stuðning stjórnvalda við fjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum: <http://www.eftasurv.int/media/state-aid-guidelines/Part-III---State-aid-to-promote-risk-capital-investments-in-small-and-medium-sized-enterprises.pdf>

## 4.6 Tekjuskattur lögaðila


**Tillaga: Tekjuskattshlutfall lögaðila verði lækkað í 15%.**

Tekjuskattur lögaðila var lækkaður úr 30% í 18% árið 2002 og síðan í 15% árið 2008 en sú lækkun stóð aðeins í eitt ár. Árið 2009 var hlutfallið hækkað aftur í 18% og í 20% árið 2010. Tiltölulega lágt tekjuskattshlutfall á Íslandi í alþjóðlegum samanburði hefur verið rökstutt með því að það hvetji til fjárfestinga og atvinnusköpunar, skapi svigrúm fyrirtækja til nýsköpunar og þróunarvinnu og til að greiða starfsfólki hærra laun. Lækkun tekjuskattshlutfalls fyrirtækja hefði í raun ekki í för með sér lækkun ríkistekna heldur þvert á móti myndu skattstofnarnir stækka með auknum hagvexti.

Veigamikil rök hníga að því að vöxtur í mikilvægustu tekjustofnum hins opinbera, tekjusköttum einstaklinga og óbeinum sköttum, geri gott betur en að vega upp hugsanlega tekjulækkun af völdum lækkunar tekjuskattshlutfalls lögaðila. Að auki eru aðstæður til atvinnurekstrar á ýmsan hátt örðugri hér á landi en hjá samkeppnisaðilum. Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er lakari vegna óstöðugleika í efnahagsmálum, hás fjármagnskostnaðar, smæðar innlenda markaðarins og fjarlægðar frá erlendum mörkuðum. Því er arðsemi fjárfestinga minni sem kallar á lægra tekjuskattshlutfall lögaðila en hjá samkeppnisþjóðum.

Rök fyrir lækkun tekjuskattshlutfalls félaga eru einkar sterk í ljósi þess að fjárfestingar atvinnulífsins hafa um hríð verið í sögulegu lágmarki og það er brýnt að þær komist á ný á viðunandi stig. Þá er mikilvægt að tekjuskattshlutfallið á Íslandi verði aðlaðandi fyrir erlenda fjárfesta en erlendar fjárfestingar hér á landi hafa verið takmarkaðar um margra ára bil. Einnig þarf að afnema gjaldeyrishöftin. Mikilvægt er að horfa til langs tíma og auka samkeppnishæfni skattkerfisins þannig að Ísland geti skapað sér orðspor sem aðlaðandi fjárfestingarkostur.

### Tekjuskattshlutfall fyrirtækja að meðaltali í OECD ríkjum




Heimild: OECD Tax Database, tafla II.1

Skatthlutföll í tekjuskatti lögaðila hafa farið stöðugt lækkandi meðal OECD-ríkjanna. Árið 2012 er það að meðaltali 25,4% og hefur lækkað að meðaltali um 5 prósentustig á síðast liðnum 10 árum og um rúm 15% síðan 1990. Skatthlutföllin segja þó ekki alla söguna því samhliða lækkunum þeirra hafa skattstofnar verið breikkaðir. Gott dæmi um áframhaldandi þróun á þessu sviði er ákvörðun sænsku ríkisstjórnarinnar í september 2012 að lækka hlutfallið úr 26,2% í 22%.

Fyrir fjárfesta skiptir samanlögð álagning tekjuskatts félaga og arðstekna máli við ákvarðanir um fjárfestingar. Samanlagt skatthlutfall félaga og á arð hefur einnig lækkað á undanförunum árum í ríkjum OECD. Árið 2012 var þetta hlutfall, þ.e. samtala skatthlutfalls í tekjuskatti félaga og skatts á arð, að meðaltali 42,0% en var 47% áratug áður.<sup>11</sup> Á Íslandi er þetta hlutfall 36%.

### Tekjuskatthlutföll fyrirtækja í OECD-ríkjunum árið 2012



Heimild: OECD Tax Database, tafla II.1.

Alþjóðlegur samanburður á lögbundnu tekjuskatthlutfalli fyrirtækja gefur takmarkaða mynd af því hversu mikil skattbyrði leggst á hagnaðinn. Skattbyrðin ræðst af skilgreiningu skattstofnsins, svo sem skattfrestunarheimildum, afskriftarreglum og hvað gjaldfæra má sem kostnað. Í meðfylgjandi töflu er gerður samanburður á skatthlutfallinu annars vegar og því hversu miklum skatttekjum tekjuskattur á fyrirtæki skilar í hlutfalli við landsframleiðslu hvers ríkis. Í töflunni kemur fram að lítið sem ekkert samband er á milli þess hversu hátt skatthlutfallið er og hversu miklar skatttekjur eru af tekjuskatti fyrirtækja. Tölfræðileg fylgni er nálægt núlli sem þýðir að sambandið er nánast ekki fyrir hendi. Þar sem tekjuskattshlutföll eru hæst, þ.e. í Japan, Bandaríkjunum og Frakklandi, eru skatttekjur í hlutfalli við VLF um eða undir meðaltali OECD-ríkjanna. Í Belgíu sem hefur fjórða hæsta skatthlutfallið eru skatttekjurnar næst minnstar í hlutfalli við VLF. Þar sem hlutföllin eru hvað lægst, á Írlandi og í Tékklandi, eru hins vegar skatttekjur yfir eða nálægt meðaltalinu. Á Íslandi eru tekjur hins opinbera af tekjuskatti fyrirtækja töluvert undir meðaltali OECD-ríkjanna og svo hefur verið um langt árabil, einnig þegar tekjuskatthlutfallið var mun hærra en nú er. Nefna má að á árunum 1998-2000 var

11. OECD Tax Database, tafla II.4.

tekjuskatthlutfallið 30%, en tekjuskattgreiðslur fyrirtækja námu 1,1-1,3% af VLF. Skýringanna á tiltölulega lágum tekjuskattgreiðslum íslenskra fyrirtækja er að finna í lítilli arðsemi í atvinnulífinu.

Skatthlutfall og tekjuskattgreiðslur fyrirtækja í % af VLF í OECD-ríkjunum árið 2010				
	Skatthlutfall	Greiddur tekjuskattur fyrirtækja í % af VLF	Röð í skatthlutfalli	Röð í tekjuskattgreiðslum í % af VLF
Japan	39,5	2,8	1	11
Bandaríkin	39,2	2,5	2	15
Frakkland	34,4	2,1	3	19
Belgía	34,0	0,4	4	27
Þýskaland	30,2	1,5	5	26
Ástralía*	30,0	4,8	6	3
Nýja-Sjáland	30,0	3,9	7	4
Spánn	30,0	1,8	8	24
Kanada	29,4	3,3	9	8
Lúxemborg	28,6	5,3	10	2
Noregur	28,0	9,7	11	1
Bretland	28,0	2,9	12	10
Ítalía	27,5	2,8	13	13
Svíþjóð	26,3	3,5	14	6
Finnland	26,0	2,5	15	16
Holland*	25,5	2,0	16	20
Austurríki	25,0	1,9	17	21
Danmörk	25,0	2,7	18	14
Ísrael	25,0	2,8	19	12
Kórea	24,2	3,5	20	5
Grikkland*	24,0	2,4	21	18
Svíss	21,2	3,2	22	9
Eistland	21,0	0,2	23	28
Slóvenía	20,0	1,9	24	23
Tyrkland	20,0	1,9	25	22
Tékkland	19,0	3,4	26	7
Ísland	18,0	1,7	27	25
Írland	12,5	2,4	28	17
OECD, óvegið meðaltal*	25,6	2,7		

\* 2009 tölur

Heimild: OECD.stat

## 4.7 Tollar á fatnað

Tillaga: Stjórnvöld leiti lausna á þeim skrifræðisvanda er snýr að tvítollun á fatnað hingað til lands. Ef ógerlegt reynist að finna lausn verði tollar á fatnað innfluttum frá ESB (með upprunaland utan þess) felldir niður til að koma í veg fyrir tvítollun. Þetta myndi flytja verslun sem fer fram erlendis að hluta inn í landið og þyrfti ekki að valda tekjutapi ríkissjóðs.

Almennur tollur á fatnað er 15%. Það segir þó ekki alla söguna vegna þess að mjög stór hluti þess fatnaðar sem er til sölu á íslenskum markaði er framleiddur í „þriðju ríkjum“ (að jafnaði í ríkjum Suðaustur Asíu). Hann er fluttur inn frá birgjum í einhverju aðildarríkja Evrópusambandsins, en Evrópusambandið leggur 15% toll á allan fatnað sem framleiddur er utan þess. Þegar vara sem ber slíkan toll er flutt aftur út úr Evrópusambandinu fæst þessi tollur endurgreiddur. Það gerist hins vegar nær aldrei vegna þess að umsókn um endurgreiðslu er mjög flókin í framkvæmd og kallar á mikla skriffinnsku. Af þeim ástæðum fást birgjar íslenskra fatainnflytjenda ekki til þess að sækja um þessa endurgreiðslu og vegur smæð íslenska markaðarins þungt í því efni.

Stór hluti (u.þ.b. 80%) þess fatnaðar sem er til sölu á íslenskum markaði ber þannig tvöfaldan toll, hinn 15% almenna toll sem lagður er á allan innfluttan fatnað og 15% ytri toll sem Evrópusambandið leggur á við innflutning til aðildarríkja þess. Stór hluti innflutts fatnaðar ber því ríflega 30% toll (þ.e. íslenska tollinn ofan á ytri toll ESB). Þar við bætist 25,5% virðisaukaskattur.

Stór hluti fatainnkaupa landsmanna fer fram erlendis, m.a. vegna tolla og hásk VSK. Íslendingar kaupa fatnað erlendis einkum í Bretlandi og Bandaríkjunum. Í Bretlandi ber barnafatnaður (upp að 14 ára aldri) engan virðisaukaskatt. Víða í Bandaríkjunum, m.a. í Boston, er söluskattur 8%. Samkeppnisstaða íslenskrar fataverslunar er því ekki góð hvað þetta varðar enda sýna nýlegar kannanir að um 35% fatainnkaupa Íslendinga fara fram í útlöndum. Ef 15% tollur á fatnað innfluttum frá ESB, með upprunaland utan þess, yrði felldur niður myndi það stuðla að því að hluti fataverslunar landsmanna flyttist til landsins og auknar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti myndu vega upp á móti tekjutapi vegna niðurfellingar tollsins.

## 4.8 Tryggingagjald

**Tillaga: Stjórnvöld standi við fyrirheit um lækkan tryggingagjalds. Atvinnutryggingagjald lækki árið 2013 úr 2,45% í 1,7% og tryggingagjald í heild úr 7,79% í 7,04%. Lækkun tryggingagjalds haldi áfram eftir það eins og minnkandi atvinnuleysi gefur tilefni til.**

Í yfirlýsingu ríkisstjórnar tengdri kjarasamningum 5. maí 2011 segir m.a.:

„Gangi fyrirbyggjandi spár um lækkan atvinnuleysis á samningstímanum eftir myndast svigrúm til þess að lækka atvinnutryggingagjaldið. Til lengri tíma litid er mikilvægt að jafnvægi verði í afkomu sjóðsins og staða hans verði slík að hann geti mætt sveiflum í útgjöldum. ... Atvinnutryggingagjald mun lækka frá ársbyrjun 2012 þannig að tekjur og gjöld sjóðsins verði í jafnvægi á því ári. Breyting á gjaldinu verður lögfest á haustþingi, þegar fyrir liggja traustari spár um atvinnuleysi. ... Miðað við spár um 5,5% atvinnuleysi gæti atvinnutryggingagjaldið lækkað um 0,3% til viðbótar í ársbyrjun 2013.“

Samhliða lækkun á atvinnuþryggingagjaldi verða eftirtaldar breytingar gerðar á almenna tryggingagjaldinu:

a. Markaðar tekjur Fæðingarorlofsjóðs hækka og verða 1,28% af tekjustofni tryggingagjalds frá árslokum 2011, sem er hækkun um 0,2 prósentustig. Miðað er við að hækkun þessi vegi upp uppsafnaðan halla á sjóðnum á síðustu árum.

b. Til að fjármagna aukin útgjöld ríkissjóðs, vegna m.a. aukinna útgjalda almannatrygginga, verður tryggingagjald hækkað um sem svarar 0,25%, sem ætlað er að skili ríkissjóði um 2 ma.kr. á ári.

c. Tekjur Ábyrgðasjóðs launa eru reiknaðar sem hlutfall af tryggingagjaldsstofni en eru ekki hluti af tryggingagjaldi. Gjald í Ábyrgðasjóð launa mun hækka um 0,05% af tryggingagjaldsstofni frá ársbyrjun 2012 til að ná jöfnuði milli tekna og gjalda. Gjaldið verður því 0,3%. Miðað er við að hækkun vegi upp uppsafnaðan halla á sjóðnum á síðustu árum.

Samtals verður almenna tryggingagjaldið hækkað um 0,45% og gjald í Ábyrgðasjóð launa um 0,05% um næstu áramót með tímabundnu álagi til þriggja ára."

Eins og fram kemur að ofan er hér um að ræða tæmandi upptalningu á því að hve miklu leyti tryggingagjald skyldi hækka á móti lækkun á atvinnuþryggingagjaldi.

Í viðræðum SA við fulltrúa ríkisstjórnarinnar í aðdraganda kjarasamninganna 5. maí 2011 var tekist á um það hversu mikil lækkun tryggingagjaldsins yrði á samningstímanum. SA lögðu áherslu á að lækkun atvinnuþryggingagjaldsins kæmi að fullu fram í lækkun tryggingagjalds í heild, en niðurstaðan varð málamiðlun um framangreinda hækkun á almenna tryggingagjaldinu og tímabundna hækkun á gjöldunum í Fæðingarorlofsjóð og Ábyrgðasjóð launa á árinu 2012. Í því fólst að lækkun atvinnuþryggingagjalds kæmi að fullu fram í lækkun tryggingagjalds í heild á árinu 2013. Fyrirhuguð 0,3% hækkun á tryggingagjaldinu frá ársbyrjun 2013 gengur því þvert á umrædda yfirlýsingu ríkisstjórnar.

Samkvæmt ársreikningi Atvinnuleysistryggingasjóðs 2011 nam tekjuafgangur sjóðsins 6 ma.kr. Það ár og inneign sjóðsins hjá ríkissjóði að viðbættu handbæru fé nam 6,3 ma.kr. í árslok 2011. Atvinnuleysistryggingasjóður gerir ráð fyrir að eiginfjárstaða sjóðsins batni um 5-6 ma.kr. á árinu 2012 og verði svipuð því sem hún var í árslok 2008. Miðað við horfur um minnkandi atvinnuleysi á árinu 2013 er engin þörf fyrir svo sterka eiginfjárstöðu og mætti að ósekju lækka eiginfjárstöðu sjóðsins, þ.e. inneign sjóðsins hjá ríkissjóði, um allt að rúma 2 ma.kr. á árinu 2013, eða sem nemur 0,25% af atvinnuþryggingagjaldi.

Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 2013 eru áætluð 17,1 ma.kr. eða sem svarar 1,89% atvinnuþryggingagjaldi.

Í fjárlagafrumvarpi 2013 er gert ráð fyrir því að atvinnuþryggingagjald lækki úr 2,45% í 2,15% á árinu 2013 eða um 0,3%. Í ljósi góðrar fjárhagsstöðu sjóðsins og útgjaldahorfa á árinu 2013 er svigrúm til lækkunar á gjaldinu umtalsvert meira eða sem nemur 0,75%. Atvinnuþryggingagjaldið verði þannig 1,7% árið 2013 og tryggingagjald í heild 7,04%.

## 4.9 Veidigjald

**Tillaga: Lög nr. 74/2012 um veidigjald verði afnumin og veidigjöldum komið í sama horf og 2010. Það fæli í sér um 3,8 milljarða króna veidigjald miðað við aðstæður á þessu fiskveiðiári.**

Veidigjöld voru margfölduð með lögum nr. 74/2012 um veidigjöld. Tekjur ríkisins af veidigjöldum undanfarin ár og áætlanir fjárlagafrumvarps 2013 má sjá í eftirfarandi töflu.

Veidigjöld 2010-2013	M.kr.
Ríkisreikningur 2010	2.265
Ríkisreikningur 2011	3.901
Fjárlög 2012	8.025
Áætlun 2012	12.215
Fjárlagafrumvarp 2013	14.900

Til samanburðar við þessar fjárhæðir var hreinn hagnaður allra fiskveiða fyrir tekjuskatt 18.617 m.kr. árið 2010. Þessi ofurskattlagning mun óhjákvæmilega leiða til fjöldagjaldþrota í greininni. Sérstaklega kemur þessi skattur illa við lítil og meðalstór fyrirtæki og útgerðarfélög án eigin vinnslu. Nánast allur hugsanlegur hagnaður af rekstri útgerða verður gerður upptækur til ríkissjóðs og að auki er stefnt að því að auka jafnt og þétt ráðherraúthlutun aflaheimilda.

Stóraukin skattlagning á sjávarútveg ógnar einnig tilveru annarra fyrirtækja sem tengjast og byggja á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og skapar óvissu á landsbyggðinni þar sem þau eru burðarás í atvinnu- og menningarlífi byggðarlaga.

Með stórhækkun veidigjaldsins er vegið að hlutaskiptakerfi gildandi kjarasamninga sjómanna og útgerðarmanna. Kerfið mun ekki geta staðið óbreytt eftir slíka grundvallarbreytingu og kallar á heildarendurskoðun sem mun fyrir sjáanlega leiða til alvarlegra átaka á vinnumarkaði.

Skattlagningin leiðir til þess að sjávarútvegurinn dregst aftur úr öðrum atvinnugreinum, keppinautum í öðrum löndum og laun sjómanna og annars starfsfólks rýrna. Fjárfestingar minnka, rannsóknir og nýsköpun bíða hnekki og langtímahugsun vikur fyrir skammtímaráðstöfunum. Allt þetta mun einnig hafa áhrif langt út fyrir sjávarútveginn sjálfan. Um þetta ástand getur aldrei orðið sátt – hvorki við sjávarútveginn sjálfan né annað atvinnulíf í landinu.

Veiking sjávarútvegs með ofurskattlagningu stuðlar óhjákvæmilega að veikara gengi krónunnar. Styrkur gjaldmiðilsins til lengri tíma ræðst fyrst og fremst af skilvirkni atvinnulífsins, ekki síst útflutningsgreina, og framleiðniþróun í samanburði við keppinauta á alþjóðlegum markaði. Stórhækkað veidigjald dregur strax úr skilvirkni sjávarútvegsins og hamlar getu hans til framþróunar, aukinnar framleiðni og verðmætasköpunar. Raungengi krónunnar, þ.e. innlend launa- og verðlagsþróun í erlendri mynt, mun síga enn frekar og valda síversnandi lífskjörum almennings. Hætt er við að sú þróun muni stuðla að kjaraátökum og ófriði á vinnumarkaði þar sem launaþegasamtök muni leitast við að endurheimta fyrri kaupmátt sem ekki verður innstæða fyrir. Afleiðingarnar munu birtast í stigmagnandi vixlverkunum gengislækkana, verðbólgu og kauphækkana.

Hér er um alvarlegustu aðför að afkomu einnar atvinnugreinar sem um getur. Skattlagningin hirðir stærstan hluta hagnaðar greinarinnar, allt að 65%, eins og hann er metinn samkvæmt lögnum. Þó hefur aðeins að hluta til verið tekið tillit til raunverulegs fjármagnskostnaðar og



afskrifta. Þar til viðbótar greiða sjávarútvegsfyrirtækin 20% tekjuskatt af hagnaði sem eftir kann að verða eins og önnur fyrirtæki. Við mat á veiðigjöldum er einnig tekið tillit til hagnaðar í fiskvinnslu sem leiðir til þess að útgerðarfélög, sem ekki reka fiskvinnslur, verða að greiða gjaldið með tilliti til afkomu þeirra. Veiðigjaldið mun leggjast mjög misjafnlega á útgerðir. Skuldsettar útgerðir, vegna kaupa á aflaheimildum, fá afslátt af veiðigjaldinu, en útgerðir sem hafa notað eigið fé til kaupa á aflaheimildum, eða keypt önnur útgerðarfyrirtæki en ekki aflaheimildir sérstaklega, munu ekki njóta afsláttarins. Hér er um grófa mismunun milli fyrirtækja að ræða. Ofurskatturinn rýrir samkeppnisstöðu greinarinnar innanlands og utan.

Hugmyndafræðin á bak við þessa skattlagningu verður ekki skilin öðruvísi en að stjórnvöld hafni því að til þess að fyrirtæki geti dafnað og vaxið og tekist á við ný verkefni verði þau að geta notað þann hagnað sem af starfseminni hlýst til nýfjárfestinga og nýsköpunar.

Sú aukning skatttekna sem reiknað er með í upphafi vegna veiðigjaldsins mun á skömmum tíma snúast í andhverfu sína og skatttekjur ríkisins dragast saman þar sem hagkvæmnin og verðmætasköpunin í sjávarútvegi og þjófþorbúinu í heild minnkar. Það er því afar brýnt að ofan af þessari öfugþróun verði undið sem allra fyrst.

## 4.10 Virðisaukaskattur

**Tillögur: Of mikið bil er á milli hærra og lægra þreps virðisaukaskatts. Lagt er til að lægra þrepið verði hækkað í áföngum næstu árin, t.d. um 2% árlega, til að fjármagna lækkun úreltra vörugjalda og lækka hærra þrepið. Fallið verði frá flutningi gistipjónustu úr lægra í hærra þrepið.**

**Lögfest verði til frambúðar 100% endurgreiðsla VSK á vinnu manna við endurbætur eða viðhald íbúða- eða frístundahúsnæðis, sbr. ákvæði XV til bráðabirgða í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.**

**Lögfest verði til frambúðar ákvæði til bráðabirgða um greiðslu virðisaukaskatts og aðflutningsgjalda í tolli, sbr. ákvæði XXIII til bráðabirgða í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og ákvæði IX til bráðabirgða í tollalögum, nr. 88/2005.**

### 4.10.1 Almennt um VSK

Virðisaukaskattur var tekinn upp hér á landi árið 1990<sup>12</sup> og leysti af hólmi söluskatt. Við lögfestinguna var stefnt að því að hann yrði almenntur og skilvirkur. Í upphaflegu lögunum var eitt almennt skatthlutfall, 22%, en þegar lögín komu til framkvæmda hafði það verið hækkað í 24,5%<sup>13</sup>. Í árslok 1992<sup>14</sup> var ákveðið taka upp lægra þrep, 14%, frá 1. janúar 1994, sem í væru m.a. útleiga hótél- og gistiherbergja, afnotagjöld útvarpsstöðva, sala tímarita, dag- og fréttablaða, sala bóka á íslenskri tungu og sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa. Í árslok 1993<sup>15</sup> var lögfest að matvörur, þó ekki sælgæti og drykkjarvörur, yrðu færðar í 14% þrepið frá 1. janúar 1994. Sú breyting var ákveðin í tengslum við gerð kjarasamninga vegna árána 1993-1994 sem ekki fólu í sér launahækkanir en lækkun matvælavæðs átti að koma tekjulágu fólki til

12. Lög nr. 50 frá 10. maí 1988.

13. Lög nr. 119 frá 28. desember 1989.

14. Lög nr. 111 frá 29. desember 1992.

15. Lög nr. 122 frá 27. desember 1993.

góða og stuðla að lífskjarajöfnun. Síðar var aðgangur að vegamannvirkjum og geisladiskar og sambærilegir miðlar án myndar færðir í lægra þrepið. Loks var lægra þrepið lækkað úr 14% í 7% frá 1. mars 2007 og matvæli sem áður höfðu borið 24,5% skatt voru flutt í lægra þrepið.<sup>16</sup> Árið 2010 var hærra þrepið hækkað úr 24,5% í 25,5%<sup>17</sup>.

Virðisaukaskattur er langmikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs. Á árinu 2012 eru tekjur ríkissjóðs af VSK áætlaðar tæpir 143 ma.kr. af 480 ma.kr. skatttekjum, eða 30%. Skatturinn hefur minni skaðleg áhrif en flestir aðrir skattar þar sem hann hefur tiltölulega lítil áhrif á fjárfestingar og vinnuframboð og þar með verðmætasköpun og lífskjör. Það er því mikilvægt fyrir ríkissjóð að rækta þennan skattstofn, hafa hann sem breiðastan, hlutfallið sem lægst og stuðla að stækkun hans með meiri umsvifum. Virðisaukaskattur og breytingar á honum henta hins vegar afar illa til jöfnunar lífskjara.

Rannsóknir Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna sýna að það fyrirkomulag að hafa matvörur og fleiri vörur í lægra þrepi virðisaukaskatts hafi óveruleg áhrif til tekjujöfnunar. Þótt lágtekjuheimili verji heldur hærra hlutfalli tekna sinna til kaupa á mat- og drykkjarvörum en hátekjuheimili þá rennur stærri hluti þeirrar krónutölu sem felst í mismun almenna og lægra þrepsins til hátekjuheimila.

### Útgjöld heimila til kaupa á mat og drykkjarvörum 2010

	Kr.	Hlutfall af tekjum	Stuðningur vegna lægra þreps
<b>Tekjulægri heimili</b>	641.729	16,5	110.953
<b>Tekjuhærri heimil</b>	849.559	13,9	146.886
<b>Öll heimili</b>	745.583	14,7	128.909

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Í skattaskýrslu AGS um Ísland árið 2010<sup>18</sup> var hvatt til þess að virðisaukaskattþrepið yrði aðeins eitt því fleiri þrep valdi óhagræði og tekjutapi fyrir ríkissjóð. Lagt var til að fjórðungur til þriðjungur tekjuaukans yrði notaður til þess að auka tekjutilfærslur til lágtekjufólks. Það myndi auka jöfnunaráhrif skattkerfisins. Því mætti ná í áföngum og væri fyrsta skrefið folgið í því að hækka lægra þrepið á ný í 14% og takmarka það við matvæli. Einnig ætti að afnema ýmsar undanþágur frá kerfinu.

Þótt óumdeilt sé að fleiri en eitt þrep í VSK mismuni atvinnugreinum, sé óskilvirkt frá sjónarhóli skattyfirvalda og torveldi eftirlit, er staðreyndin sú að aðeins örfá ríki Evrópu eru með eitt skattþrep en flest eru með ýmist tvö eða þrjú þrep. Íslendingar komast vart hjá því að taka mið af því að þau ríki sem skipt er við og ferðast er til eru með tvö til þrjú VSK-þrep. Íslensk verslun er í samkeppni við verslun í þessum ríkjum og það er almannahagur að sem mest verslun sé innanlands. Sem dæmi má nefna að fatnaður ber 25,5% VSK og er hann hærri en í löndum þar sem Íslendingar versla helst. Samkvæmt könnun frá í janúar 2012 þá fer um 42% af sölu á barnafatnaði til Íslendinga fram erlendis, en hann ber ekki VSK í Bretlandi. Nefna má að

16. Lög nr. 175 frá 20. desember 2006.

17. Lög nr. 130 frá 23. desember 2009.

18. Improving the Equity and Revenue Productivity of the Icelandic Tax System. IMF Fiscal Affairs Department June 2010.

fatnaður frá H&M er með 25% markaðshlutdeild á Íslandi þrátt fyrir að hafa ekki söluastaði á landinu.

Fyrirkomulag virðisaukaskatts á Íslandi sker sig frá því sem tíðkast í flestum öðrum ríkjum því efra þrepið er það næst hæsta sem þekkist og bilið á milli efra og neðra þreps er hvergi meira. Þetta er líklegt til að hvetja til undanskota og að mismuna atvinnugreinum, eftir því í hvoru þrepi varan eða þjónustan lendir. Samtök atvinnulífsins telja eðlilegt að minnka þennan mun með því að hækka neðra þrepið og lækka það efra, eftir þeim tekjumarkmiðum sem að er stefnt.

Í ljósi framangreindra röksemda og þess að langt er um liðið frá setningu laga um virðisaukaskatt er brýnt að ráðist verði í faglega heildarendurskoðun á virðisaukaskattkerfinu með einföldun, jafnræði og skilvirkni að leiðarljósi.

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir þrep í virðisaukaskatti í OECD-ríkjunum eins og þau voru þann 1. janúar 2011. Fjöldmörg ríki hafa hækkað skatthlutföll síðan eða áforma það og er yfirlit um þær breytingar í neðanmálgrein.<sup>19</sup>

#### 4.10.2 Áform um hækkun VSK á gistipjónustu

Í fjárlagafrumvarpi 2013 er boðuð hækkun virðisaukaskatts á gistipjónustu úr 7% í 25,5% frá 1. maí 2013 og er áætlað að það skili ríkissjóði 2,6 ma.kr. á árinu 2013, en 3,5 ma.kr. á heilu ári. KPMG samdi skýrslu þar sem lagt var mat á áhrif þessa á ferðaþjónustuna.<sup>20</sup> Var skýrslan m.a. byggð á upplýsingum úr ársreikningum 35 hótela og gististaða sem áætlað er að standi að baki 80% af veltu í

#### Virðisaukaskattur í OECD-ríkjunum árið 2011

	Amennt þrep	Lægri þrep
Austurríki	20,0	10,0/12,0
Ástralía	10,0	0
Belgía	21,0	0,0/6,0/12,0
Danmörk	25,0	0,0
Eistland	20,0	9,0
Finnland	23,0	0,0/9,0/13,0
Frakkland	19,6	2,1/5,5
Grikkland	23,0	6,5/13,0
Holland	19,0	6,0
Írland	21,0	0,0/4,8/9,0/13,5
Ísland	25,5	0,0/7,0
Ísrael	16,0	-
Ítalía	20,0	4,0/10,0
Japan	5,0	-
Kanada	5,0	0
Kórea	10,0	0,0
Lúxemborg	15,0	3,0/6,0/12,0
Mexíkó	16,0	0,0
Noregur	25,0	0,0/8,0/14,0
Nýja-Sjáland	15,0	0
Portúgal	23,0	6,0/13,0
Pólland	23,0	5,0/8,0
Síle	19,0	-
Slóvakía	20,0	10,0
Slóvenía	20,0	8,5
Spánn	18,0	4,0/8,0
Stóra-Bretland	20,0	0,0/5,0
Sviss	8,0	0,0/2,5/3,8
Svíþjóð	25,0	0,0/6,0/12,0
Tékkland	20,0	10,0
Tyrkland	18,0	1,0/8,0
Ungverjaland	25,0	5,0/18,0
Þýskaland	19,0	7
Óvegið meðaltal	18,5	

Heimild: OECD

Þrep með núll-skatt er skilgreint þannig að í því eru vörur eða þjónusta sem undanþegin er VSK en með rétt til að fá innskatt endurgreiddan.

19. Króatía hækkaði úr 23% í 25% árið 2012, Kýpur hækkaði úr 15% í 17% í mars 2012, Tékkland hækkaði lægra þrepið úr 10% í 14% árið 2012 og hyggst hækka almenna þrepið úr 20% í 21% árið 2013, Finnland hækkar öll þrjú þrepin um 1% árið 2013, þ.e. í 24%, 14% og 10%, Ungverjaland hækkaði almenna þrepið úr 25% í 27% árið 2012, Írland hækkaði almenna þrepið úr 21% í 23% árið 2012, Ítalía mun hækka almenna þrepið úr 22% í 23% árið 2013, Lettland lækkaði úr 22% í 21% árið 2012, Holland hækkaði úr 19% í 21% í október 2012, Noregur hækkaði matarþrepið úr 14% í 15% árið 2012, Pólland hyggst hækka almenna þrepið úr 23% í 24%, Portúgal hækkaði skatt á veitingastöðum úr lægra þrepi í almenna þrepið árið 2012 og Spánn hækkaði almenna þrepið úr 18% í 21% árið 2012. Heimild: <http://www.tmf-vat.com/vat/eu-vat-rates.html>

20. KPMG: Áhrif fyrirhugaðra breytinga á VSK á hótélrekstur. 30.8.2012. <http://www.kpmg.com/IS/is/utgefifedni/greinar-og-utgefifd/frodleikur-a-fimmt/Documents/Frodleikur-a-fimmt-3008-gisting.pdf>

hótelrekstri. Í skýrslunni kom fram að framlegð hótel fyrirtækja á árinu 2011 hefði einungis numið 5,9% í heildina. Fjallað er um þá fullyrðingu að hótelrekstur skili litlum virðisaukaskatti en skýringin liggur einkum í miklum fjárfestingum undanfarin ár og að stór hluti hótela er í leiguhúsnæði og greiðir leigu sem ber 25,5% skatt sem skilar sér í virðisaukaskattgreiðslum fasteignafélaga.

Í skýrslunni eru þrír valkostir bornir saman, þ.e. að rekstraraðilar taki alla hækkunina á sig, þannig að hækkun á VSK valdi ekki verðhækkunum, að hækkun VSK valdi samsvarandi hækkun gistingar og að hækkun á verði gistingar næmi helmingi hækkunar VSK. Afleiðingar þess að hótelrekstur tæki alla hækkun VSK á sig yrðu þær að framlegð færi úr 5,9% í -4,2. Tekjur dygðu þannig ekki fyrir rekstrarkostnaði, hvað þá fjármagnskostnaði eða arði. Gögnin sýna þannig að hótelrekstur hafi ekki gengið það vel að hann sé í stakk búinn til að taka slíka skattahækkun á sig. Ef hækkun VSK ylli samsvarandi hækkun gistingar fækkaði gestum um 8,6% (m.v. verðteygni eftirspurnar -0,5, þ.e. 1% verðhækkun fækkar gestum um 0,5%). Ráðstefnugestum, sem eyða mestu fé hér á landi, fækkaði enn meira en almennum ferðamönnum. Tekjur rekstraraðila, þ.m.t. af veitingasölu, lækkuðu um 8,3% og framlegð minnkaði úr 5,9% í -2,5%. Í þriðja dæminu, þar sem hækkun hótelgistingar næmi helmingi hækkunar VSK, fækkaði gestum um 4% og framlegð yrði neikvæð um 3,4%. Allir þrír valkostirnir sýna þannig að skattahækkunin leiðir til þess að greinin yrði rekin með tapi.

Í skýrslu KPMG eru reiknuð út áhrif þess að flugfarþegum fækki um 40 þúsund (spá Ícelandair) vegna boðaðra skattahækkana. Niðurstaða útreikninga er að skattahækkunin muni lækka tekjur ríkissjóðs af VSK um 1,2-3,4 ma.kr. á ári vegna fækkunar ferðamanna og styttri dvalartíma þeirra.

### Virðisaukaskattur á gistiþjónustu í nokkrum Evrópuríkjum

	Almennur VSK	VSK á gistingu
Swiss	8	3,8
Holland	19	6
Belgía	21	6
Ísland	25,5	7
Þýskaland	19	7
Noregur	25	8
Spánn	18	8
Finnland	23	9
Írland	23	9
Frakkland	20	9
Ítalía	21	10
Svíþjóð	25	12
Bretland	20	20
Danmörk	25	25

Í meðfylgjandi töflu sést að skattlagning á gistiþjónustu á Íslandi er svipuð og í flestum öðrum ríkjum. Við hækkun VSK á gistiþjónustu úr 7% í 25,5% myndu Ísland og Danmörk skera sig úr hvað varðar þunga skattlagningu á gistingu. Í Danmörku ríki samdráttur í ferðaþjónustu og illa gengur að laða alþjóðlegar ráðstefnur til landsins. Er háum VSK einkum kennt um.<sup>21</sup>

Að mati stjórnenda Ícelandair mun eftirspurn eftir flugferðum til Íslands dragast saman um 5-7% á næsta ári, frá því sem áður var áætlað, ef áformin ganga eftir.<sup>22</sup> Komufarþegum gæti fækkað um 40 þúsund frá fyrri áætlunum og afleidd áhrif orðið 15 ma.kr. minni gjaldeyrstekjur. Aukin skattheimta á fyrirtæki í ferðaþjónustu hefur neikvæð áhrif á samkeppnishæfni Íslands sem ferðamannalands og dregur úr veltu og arðsemi

starfseminnar. Hækkun virðisaukaskattsins muni því ekki auka skatttekjur ríkissjóðs heldur draga úr þeim vegna minni umsvifa.

21. Börsen 20. ágúst 2012.

22. Morgunblaðið 20. ágúst 2012.

Hækkun VSK á gistiþjónustu mun leiða til þess að engin arðsemi verði af rekstri hótela og áframhaldandi uppbygging hótela verði sett í biðstöðu. Markmiði aðila í ferðaþjónustu, og stjórnvalda um að auka straum ferðamanna á lágönn á vetri, vori og hausti verði teft í tvísýnu því hækkun virðisaukaskattsins muni hafa mest áhrif á þennan markhóp og gera að engu vinnu sem unnin hefur verið frá árinu 2010. Þá muni hækkunin koma verst við landsbyggðina sem stendur höllum fæti varðandi nýtingu innviða yfir lágönn ferðaþjónustunnar.

### 4.10.3 Mat á fyrri skattahækkunum á ferðaþjónustu

Skattar- og gjöld hins opinbera á Flugfélag Íslands hækkuðu um 114% milli árána 2009 og 2012<sup>23</sup> og fóru úr 206 m.kr. í 443 m.kr. Farþegagjöld, lendingargjöld, leiðarflugsgjöld og kolefnisgjald voru hækkuð. Sértekir skattar námu tæplega 10% af kostnaði árið 2012 en voru 5% árið 2009. Á þessum tíma dróst farþegafjöldi saman um 2% og starfsmönnum fækkaði.

Árið 2009 áformuðu stjórnvöld að setja á komugjöld á Keflavíkurflugvelli en féllu frá því vegna mótmæla ferðaþjónustunnar. Neikvæð áhrif slíkrar skattlagningar birtust í Hollandi þar sem komugjöld voru í gildi frá janúar 2007 til september 2009 en á þeim tíma fækkaði komufarþegum um 15%. Hófleg skattlagning er betri leið til að stuðla að auknu umfangi og stækkun skattstofna. Gott dæmi um það er þriðjungs fjölgun erlendra gesta til landsins á síðustu þremur árum. Beinir tekjur ríkissjóðs af veltusköttum á neyslu erlendra ferðamanna eru verulegar og aukinn starfsmannafjöldi í ferðaþjónustu skilar auknum tekju- og veltusköttum. Ferðaneysla erlendra ferðamanna var 117 ma.kr. árið 2010 og hafði aukist um 25% frá árinu 2008. Rannsóknir Icelandair, byggðar á gögnum síðustu ára, benda til þess að verðteygni eftirspurnar viðskiptavina félagsins sé meiri en einn og því muni komugjöld eða aðrar gjaldahækkanir stöðva fjölgun erlendra ferðamanna til Íslands. Skattahækkunir muni því rýra tekjur ríkissjóðs þegar upp er staðið.

### 4.10.4 Áhrif boðaðra breytinga á vörugjöldum á bílaleigubíla

Meginmarkmið ferðamálaáætlunar Alþingis, sem gildir til 2015, er að tryggja samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar og stuðla að hámarksafrakstri í greininni. Samkvæmt áætluninni verði ferðaþjónustu sköpuð sambærileg rekstrarskilyrði og í samkeppnislöndum. Hluti af þeirri stefnumörkun var að lækka vörugjöld á bílaleigubíla sem var gert árið 2000. Það gerði þeim kleift að endurnýja flota sinn og fjölga bílaleigubílum yfir háannatímamann sem standa ónotaðir yfir vetrarmánuði. Áhrif lækkunarinnar voru þau að leiguverð á bílaleigubílum lækkaði og eftirspurn jókst.

Rekstrarumhverfi hérlendis er gjörólíkt því sem þekkist erlendis: Ferðamannatímabilið er stutt sem leiðir af sér verri nýtingu bíla, fjármagnskostnaður við fjármögnun bíla er lægri erlendis og afföll minni, vörugjöld og virðisaukaskattsumhverfi er mismunandi og rekstrarkostnaður og slit hærri hér á landi, m.a. vegna vegakerfisins.

Áhrif boðaðra breytinga á vörugjöldum eru þau að innkaupsverð bílaleigubíla hækkar um 17,4% að meðaltali og meðalútleiguverð verður að hækka að jafnaði um 27% allt árið. Þá mun þessi hækkun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir bílgreinina á Íslandi en bílaumboð, sem verið hafa í mjög erfiðri stöðu vegna hruns í bílasölu á undanförunum árum, sjá fram á annað hrún. Líklega munu tekjur ríkissjóðs dragast saman þegar heildaráhrif af breytingunni eru metin.

23. Skattlagning á ferðaþjónustu. Bogi Nils Bogason. Janúar 2012. [http://www.deloitte.com/view/is\\_IS/is/tgefiefni/skattadagur/74d66772a7e94310VgnVCM2000001b56f00aRCRD.htm](http://www.deloitte.com/view/is_IS/is/tgefiefni/skattadagur/74d66772a7e94310VgnVCM2000001b56f00aRCRD.htm)



Áætlað er að akstur bílaleigubíls sé 25.000 km. á ári þarf þeim aðeins að fækka um 550 til að ríkið verði af tekjum sem svara til þeirrar hækkunar tekna sem boðið breyting á vörugjöldum mun skila. Við hækkun á leiguverði bílaleigubíla versnar samkeppnisstaða Íslands mikið. Þakinn flug, bíll og hótél mun hækka mikið í verði. Allar upplýsingar og gögn um áhrif hækkunar þessara liða sýna að hækkun þeirra hefur mikil áhrif til fækkunar ferðamanna. Kannanir sýna að yfir 40% ferðamanna sem koma til landsins leigja bílaleigubíl. Dreifing ferðamanna um landið mun minnka við fækkun bílaleigubíla sem mun valda miklu tapi hjá þjónustufyrirtækjum um allt land. Bílaleigur innheimta 25,5% virðisaukaskatt af leigutekjum og því verður til mikill virðisauki í starfsemi þeirra.

Bílaleigubílar eru mjög mikilvægir við að dreifa ferðamönnum sem jafnast um allt landið. Vegna aukins framboðs bílaleigubíla og samkeppnishæfrar verðlagningar hefur ferðamönnum sem ferðast á eigin vegum fjölgað mjög mikið. Almennigur niðurgreiðir ekki bílaleigubíla fyrir útlendinga, þvert á móti niðurgreiða útlendingar bílaleigubíla fyrir Íslendinga og íslenska ríkið.

Af framangreindum ástæðum ættu stjórnvöld að falla frá áformum um hækkun vörugjalds á bílaleigubíla, enda miklar líkur til þess að hækkunin valdi fremur tekjutapi fyrir ríkissjóð.

#### 4.10.5 Endurgreiðsla VSK af vinnu

Stjórnvöld í samstarfi við Samtök iðnaðarins, SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu og VR standa að átakinu „Allir vinna“ sem er hvatning um viðhald og endurbætur við íbúðarhúsnæði og frístundahús gegn endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu.

Hækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við eigið íbúðarhúsnæði og sumarhús í 100% úr 60% ýtir undir að viðhaldsverkefni af þessu tagi séu uppi á borðinu en átak til að stemma stigu við svartri vinnu er eitt af sameiginlegum hagsmunamálum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Hækkun endurgreiðslunnar úr 60% í 100% er skv. bráðabirgðaákvæði XV í lögum 50/1988 um virðisaukaskatt sem fellur niður þann 1. janúar 2013. Það er samdóma álit þeirra sem að átakinu standa að vel hafi tekist til um markmið þess og Samtök atvinnulífsins hvetja til þess að halda því óbreyttu. Gert er ráð fyrir framlengingu þessa ákvæðis í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013.

#### 4.10.6 Greiðsludreifing VSK og aðflutningsgjalda í tolli

Það er brýnt hagsmunamál atvinnulífsins að lögfest verði til frambúðar greiðsludreifing virðisaukaskatts og aðflutningsgjalda í tolli sem verið hefur í gildi síðustu ár. Greiðsludreifingu virðisaukaskatts er þannig að heimilt er að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað. Greiðsludreifing aðflutningsgjalda er síðan þannig að þriðjungi gjaldanna á viðkomandi uppgjörstímabili skal skilað á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils, öðrum þriðjungi á 15. degi annars mánaðar og síðasta þriðjungi á 5. degi þriðja mánaðar. Greiðsludreifing vörugjalda er loks þannig að helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili skal skilað á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils og hinum helmingnum mánuði síðar. Þessi greiðsludreifing kemur í veg fyrir dýra skammtímafjármögnun fyrirtækja á opinberum gjöldum án þess að skerða tekjur ríkisins.

## 4.11 Vörugjöld á matvörur, byggingarvörur og heimilistæki<sup>24</sup>

**Tillaga: Heildarmarkmiðið er að afnema vörugjöldin með öllu. Tekjutapi ríkissjóðs verði mætt með hækkun á neðra þrepi virðisaukaskatts.**

### 4.11.1 Almennt um vörugjald skv. lögum 97/1987

Vörugjald er lagt á ýmsa vörflokka samkvæmt lögum um vörugjald nr. 97/1987, jafnt innfluttar sem innlendar vörur. Undir þessi lög falla ekki vörugjöld á eldsneyti, bifreiðar, áfengi, tóbak, rafmagn og heitt vatn svo dæmi séu nefnd heldur ýmis konar mat- og drykkjarvörur, byggingarvörur og raftæki. Uppruna vörugjaldsins má rekja til inngöngu Íslands í EFTA árið 1970, en við það lækkuðu tollar. Vörugjald var þá tekið upp til þess að mæta tekjutapi ríkisins vegna tollalækkana. Gjaldið byggist í mörgum tilvikum á handahófskenndum forsendum og veldur misræmi sem felst í því að sambærilegar vörur geta borið mismunandi gjald. Í fyrsta áfanga þarf að afnema ýmsa vankanta á núverandi fyrirkomulagi. Markmiðið er þó að afnema vörugjöldin með öllu þar sem þessi skattheimta skerðir og bjagar samkeppnisstöðu verslunar og iðnaðar.

Vörugjald er reiknað með tvenns konar hætti, þ.e. annars vegar sem tiltekin fjárhæð fyrir hvert kílógramm eða hvern lítra af gjaldskyldri vöru (magngjald) og hins vegar sem tiltekið hlutfall af verðmæti gjaldskyldrar vöru (verðgjald).

Verðflokkar magngjaldsins eru 13, eins og sjá má í eftirfarandi töflu:

16 kr./lítra	Ávaxtasafar, gosdrykkir, vatn (þ.m.t. ölkelduvatn og loftblandað vatn), öl gert úr malti, edik og ediksliki fengið úr ediksýru, rjómaís og annar ís.
20 kr./kíló	Lofthjólbarðar úr gúmmí, m.a. undir bifreiðar, flugvélar, bifhjól og reiðhjól, notaðir og ónotaðir.
24 kr./kíló	Sulta, ávaxtahlau, mauk. Matjurtir, ávextir, hnetur og ávaxtahýði sem varið er skemmdum með sykri, t.d. sykurmás. Ávaxtasúpur og ávaxtagrautar.
30 kr./kíló	Kakaóduft, án viðbættis sykurs eða annarra sætuefna. Önnur tilreidd efni til framleiðslu á drykkjarvörum og innihalda ekki kakó.
50 kr./kíló	Búðingsduft sem inniheldur mjólkurduft, eggjarauðu eða eggjahvítu.
60 kr./kíló	Sykurvörur, t.a.m. reysysykur, rófusykur, strásykur og molasykur. Síróp með bragðefnum og litarefnum.
80 kr./kíló	Sætakex sem er húðað eða hjúpuð með súkkulaði eða kremi sem inniheldur kakó. Piparkökur. Vöfflur og kexþynnur sem eru húðaðar með súkkulaði eða kremi sem inniheldur kakó.
100 kr./kíló	Fyllt og ófyllt súkkulaði í plötum eða stöngum. Húðað eða hjúpað; rúsínur, hnetur, lakkris, karamellur og hlaup. Páskaegg. Íssósúr og ísdyfur. Konfekt.
120 kr./kíló	Sætindi (þ.m.t. hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds, t.d. tyggigúmmí (með sykri), möndlumassi, lakkris, karamellur og brjóstsykur. Sætindi án glúten og sérstaklega tilreidd fyrir ónæmis- og efnaskiptasjúklinga.
130 kr./kíló	Kakaóduft til framleiðslu á drykkjarvörum. Núgatmassi. Sælgæti (medicated sweets).
160 kr./kíló	Ávextir til lögunar á seyði. Tilreidd drykkjarvöru efni, sem innihalda prótín eða önnur næringarefni, einnig vítamín, steinefni. Tilreidd drykkjarvöru efni úr ginsengskjörnum, blönduðum öðrum efnispáttum, s.s. glúkósa eða laktósa.
400 kr./kíló	Engar vörur virðast bera 400 kr. á kíló.
800 kr./kíló	Áfengislaus efni til framleiðslu á drykkjarvörum.

24. Þessi kafli byggir á skýrslu SVP: Vörugjaldskerfið á Íslandi frá febrúar 2012.

Vörur sem bera verðgjald eru í þremur gjaldþrepum, 15, 20 og 25%. Þær vörur sem bera 15% vörugjald eru einkum byggingarvörur og búnaður í baðherbergi. Vörur sem bera 20% vörugjald eru helstu heimilistæki í eld- og þvottahús, en þær vörur sem bera 25% gjald eru ýmis raftæki, til dæmis sjónvörp og DVD-spilarar.

15%	20%	25%
Gólfefni, veggfóður, baðker, sturtubaðker, vaskar, handlaugar, salerni, salernislok, salernispappír, sápulögn. Lampar og ljósabúnaður.	Eldavélar, örbylgjuofnar, samlokugrill, vöfflujárn, hraðsuðukönnur, kæliskápar, uppþvottavélar, þvottavélar, þurrkarar, sláttuvélar, bílavarahlutir.	Sjónvörp, DVD-spilarar, handfrjáls búnaður fyrir farsíma, plötuspilarar, símsvarar, heimabíó, sjónvarp, myndlyklar með innbyggðum móttökubúnaði fyrir sjónvarp, sjónvarpsviðtæki með sambyggðum myndbandsupptökubúnaði, hljóðflutningstæki og önnur raftæki, t.d. tungumálatölvur.

Tekjur ríkissjóðs af almennu vörugjaldi eru áætlaðar 5,8 ma.kr. á árinu 2012, þ.a. 4 ma.kr. af innfluttum vörum og 1,8 ma.kr. af innlendri framleiðslu. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2013 er áformað að auka tekjur af vörugjaldinu verulega, eða í 6,9 ma.kr., einkum af innfluttum vörum.

Sambærileg skattlagning á þeim vöruflokkum sem bera almennt vörugjald hér á landi þekkist ekki í nágrennalöndunum. Vörugjald (e. excise tax) er oftast lagt á tiltölulega fáa vöruflokka, t.d. tóbak, áfengi, sykur, eldsneyti og bifreiðar, í þeim tilgangi að draga úr notkun þeirra, vernda heilsu fólks og umhverfi eða til að mæta kostnaði vegna þeirra.

Rök fyrir sérstakri skattheimtu á vörur sem bera verðgjald eru ekki fyrir hendi. Flestar vörur sem bera magngjald innihalda sykur eða önnur sætuefni og eru skattlagðar á þeim grundvelli. Vöruflokkar magngjaldsins bera hins vegar mismunandi hátt gjald sem ekki virðist byggt á réttmætum forsendum. Lagt er til að allar vörur sem innihalda sykur eða annað sætuefniverði skattlagðar með sambærilegum hætti til þess að koma í veg fyrir misræmi. Með þessu móti yrðu flokkar magngjalda mun færri og skattlagningin einfaldari og skiljanlegri.

#### 4.11.2 Áform um hækkun vörugjalda á matvæli í fjárlagafrumvarpi 2013

Í fjárlagafrumvarpi 2013 koma fram áform um að breytingar á vörugjöldum á matvæli skili ríkissjóði 800 m.kr. tekjuauka, úr 2,2 ma.kr. í 3 ma.kr. Breytingar á fyrirkomulagi vörugjalda á matvæli eru sagðar vera á grundvelli tillagna starfshóps (sem í sátu m.a. fulltrúar SVÞ og SI), þannig að það taki meira mið af mannelismarkmiðum. Þessi fullyrðing er fjarri öllu sanni og eru tillögurnar alfarið ráðuneytisins og áttu fulltrúar samtakanna engan þátt í þeim.

Rökstuðningur fjármálaráðuneytisins fyrir hækkun vörugjalda á matvæli kom fulltrúum atvinnulífsins í starfshópnum í opna skjöldu. Starfshópurinn var enn að störfum þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram og ekki lá fyrir samstaða um tillögur. Ennfremur liggur fyrir að fulltrúar atvinnulífsins í starfshópnum eru ósammála tillögum fjármálaráðuneytisins, að leggja vörugjöld á matvæli sem innihalda viðbættan sykur og sætuefni. Að mati samtakanna er ekki unnt að halda því fram að mannelismarkmiðum verði betur náð eftir breytingarnar og að óásættanleg mismunun milli vara og vöruflokka í samkeppni verði óhjákvæmileg.

Af þessu tilefni sendu SI, SVP, FA og Neytendasamtökin fjármálaráðuneytinu bréf<sup>25</sup> þar sem rifjað var upp að markmið vinnuhópsins hefði verið að gera tillögur um breytingar á vörugjöldum á matvæli þannig að fyrirkomulagið yrði einfaldara, samræmt, skilvirkt og hlutlaust með tilliti til vöruvals, nema þar sem stjórnvöld vildu hafa áhrif á neysluhætti, t.d. vegna manneldis-, umhverfis- eða öryggissjónarmiða. Í skipunarbréfi hópsins kom fram að ekki stæði til að draga úr tekjum ríkisins af vörugjöldum en ekki kom fram að til stæði að auka tekjur af vörugjöldum á matvæli. Í hópnum áttu sæti, auk fulltrúa framangreindra aðila, fulltrúar Bændasamtaka Íslands, Landlæknisembættis og fjármálaráðuneytis.

Í bréfinu er lýst þeirri stefnu samtakanna að samræma alla skattheimtu af matvælum í einu þrep virðisaukaskatts sem leiddi til mikillar einföldunar og drægi verulega úr kostnaði í atvinnulífinu og hjá hinu opinbera. Undið verði ofan af vörugjaldskerfinu og samhliða verði neðra þrep virðisaukaskatts hækkað gegn niðurfellingu vörugjalda á matvæli þannig að tekjur ríkissjóðs lækki ekki. Tillögur stjórnvalda valdi því miklum vonbrigðum.

---

25. Bókun SI, SVP, FA og NS vegna starfs í vinnuhópi um endurskoðun vörugjalda á matvæli. Bréf sent fjármálaráðuneytinu 21. september 2012.

## 5 TÖFLUVIÐAUKI



## Yfirlit

5.1	Tekjuskattstofn einstaklinga skv. skattframtölum 2012 (tekjur 2011)	48
5.2	Skattframtöl einstaklinga árið 2012, tekjuskattstofn 2011	49
5.3	Fjármagnstekjur einstaklinga 2011 skv. skattframtölum 2012	50
5.4	Álagður tekjuskattur rekstraraðila árið 2011	51
5.5	Velta rekstraraðila árið 2011 samkvæmt skattframtölum	52
5.6	Inn- og útskattur eftir atvinnugreinum 2011	53





## 5.1 Tekjuskattstofn einstaklinga skv. skattframtölu 2012 (tekjur 2011)

Tekjuskattstofn, kr. á bilinu	Fjöldi	Tekjuskattstofn alls, m.kr.
0	7.157	0
1 - 200.000	4.760	468
200.001 - 400.000	4.294	1.297
400.001 - 600.000	5.259	2.650
600.001 - 800.000	6.014	4.212
800.001 - 1.000.000	5.894	5.301
1.000.001 - 1.200.000	6.152	6.774
1.200.001 - 1.400.000	6.442	8.398
1.400.001 - 1.600.000	7.640	11.472
1.600.001 - 1.800.000	7.994	13.589
1.800.001 - 2.000.000	10.405	19.830
2.000.001 - 2.200.000	15.058	31.564
2.200.001 - 2.400.000	12.419	28.614
2.400.001 - 2.600.000	13.498	33.622
2.600.001 - 2.800.000	9.744	26.288
2.800.001 - 3.000.000	8.699	25.219
3.000.001 - 3.200.000	7.721	23.923
3.200.001 - 3.400.000	7.232	23.865
3.400.001 - 3.600.000	6.846	23.951
3.600.001 - 3.800.000	6.447	23.853
3.800.001 - 4.000.000	6.155	23.998
4.000.001 - 4.200.000	5.998	24.580
4.200.001 - 4.400.000	5.807	24.970
4.400.001 - 4.600.000	5.104	22.962
4.600.001 - 4.800.000	4.755	22.345
4.800.001 - 5.000.000	4.404	21.573
5.000.001 - 5.200.000	4.102	20.921

Tekjuskattstofn, kr. á bilinu	Fjöldi	Tekjuskattstofn alls, m.kr.
5.200.001 - 5.400.000	3.729	19.755
5.400.001 - 5.600.000	3.513	19.311
5.600.001 - 5.800.000	3.177	18.104
5.800.001 - 6.000.000	2.859	16.859
6.000.001 - 6.200.000	2.634	16.064
6.200.001 - 6.400.000	2.454	15.457
6.400.001 - 6.600.000	2.283	14.834
6.600.001 - 6.800.000	2.098	14.057
6.800.001 - 7.000.000	1.904	13.136
7.000.001 - 7.200.000	1.688	11.981
7.200.001 - 7.400.000	1.580	11.531
7.400.001 - 7.600.000	1.462	10.965
7.600.001 - 7.800.000	1.361	10.479
7.800.001 - 8.000.000	1.257	9.930
8.000.001 - 8.200.000	1.128	9.136
8.200.001 - 8.400.000	1.036	8.594
8.400.001 - 8.600.000	918	7.800
8.600.001 - 8.800.000	868	7.548
8.800.001 - 9.000.000	757	6.735
9.000.001 - 9.200.000	727	6.613
9.200.001 - 9.400.000	651	6.051
9.400.001 - 9.600.000	587	5.577
9.600.001 - 9.800.000	557	5.402
9.800.001 - 10.000.000	517	5.116
>10.000.001	8.981	130.191
<b>Samtals</b>	<b>244.726</b>	<b>877.468</b>

Heimild: RSK

## 5.2 Skattframtöl einstaklinga árið 2012, tekjuskattstofn 2011

### Fjárhæðir í milljónum króna

Mánaðartekjur	Skatthlutfall	Fjöldi fram- teljenda	Skattgreið- endur, % skipting	Tekjuskatts- stofn	Tekjuskatts- stofn, % skipting	Áætlaður tekjuskattur og útsvar	Skatt- greiðslur eftir þrepum
Undir 123.417	0%	49.066		33.746			
123.418-209.400	37,31%	58.035	30%	119.385	14%	13.726	6%
209.401-680.550	40,21%	121.838	62%	533.182	63%	141.033	63%
680.551-	46,21%	15.787	8%	191.155	23%	71.011	31%
Samtals		244.726		877.468			
Skattgreiðendur alls		195.660	100%	843.722	100%	225.769	100%

Heimild: RSK

#### Skýringar:

- Í töflunni er framteljendum skipt eftir því í hvaða skattþrepi tekjuskattstofn þeirra lendir. Framteljendur voru 244.726, en þar af voru 49.066 undir skattleysismörkum sem námu 123.417 kr. á mánuði, þannig að fjöldi greiðenda tekjuskatts var 195.660. Fjöldi einstaklinga sem greiddi skatt samkvæmt lágsta þrepinu eingöngu var 58.035, fjöldi sem greiddi einnig samkvæmt milliprepinu var 121.838 og þeir sem greiddu samkvæmt hæsta þrepinu voru 15.787. Hlutfallsleg skipting skattgreiðendanna var þannig að 30% þeirra greiddu tekjuskatt skv. lágsta þrepinu, 62% greiddu skv. lægra og miðþrepinu og 8% greiddu einnig skv. hæsta þrepinu. Ekki er unnt að leggja mat á áhrif þess að hluti þeirra tekna sem lendir í hæsta þrepi flyst í miðþrepið hjá samsköttuðum.
- Tekjuskattstofninn var 843.722 ma.kr. Hann skiptist þannig milli tekjuprepa að einstaklingar með 34 ma.kr. tekjuskattstofn voru undir skattleysismörkum, einstaklingar með 119 ma.kr. tekjuskattstofn höfnuðu í lágsta þrepi, einstaklingar með 533 ma.kr. tekjuskattstofn höfnuðu í miðþrepi og einstaklingar með 191 ma.kr. tekjuskattstofn höfnuðu í hæsta þrepi.
- Á grundvelli skiptingar tekjuskattstofnsins milli prepa er áætlað að einstaklingar í neðsta þrepinu hafi greitt 13,7 ma.kr. í tekjuskatt (6% tekjuskatts og útsvars), einstaklingar í miðþrepinu hafi greitt 141 ma.kr. (63% tekjuskatts og útsvars) og einstaklingar sem einnig greiddu samkvæmt hæsta þrepinu hafi greitt 71 ma.kr. (31% tekjuskatts og útsvars).
- Hæsta þrepið, 46,21% skilaði 3,7 ma.kr. meiri tekjuskatti en ef þær tekjur sem undir það féllu hefðu verið skattlagðar með 40,21%.

## 5.3 Fjármagnstekjur einstaklinga 2011 skv. skattframtölum 2012

Fjármagnstekjur, kr. á bilinu	Fjöldi	Fjármagns- tekjur alls, m.kr.
0	87.628	0
1 - 100.000	119.234	2.156
100.001 - 200.000	10.779	1.528
200.001 - 300.000	5.144	1.261
300.001 - 400.000	3.221	1.118
400.001 - 500.000	2.349	1.051
500.001 - 600.000	1.759	963
600.001 - 700.000	1.446	937
700.001 - 800.000	1.303	975
800.001 - 900.000	1.006	853
900.001 - 1.000.000	927	879
1.000.001 - 1.100.000	916	959
1.100.001 - 1.200.000	681	781
1.200.001 - 1.300.000	716	891
1.300.001 - 1.400.000	565	761
1.400.001 - 1.500.000	518	751
1.500.001 - 1.600.000	468	724
1.600.001 - 1.700.000	362	597
1.700.001 - 1.800.000	314	549
1.800.001 - 1.900.000	299	552
1.900.001 - 2.000.000	253	493
2.000.001 - 2.100.000	252	516
2.100.001 - 2.200.000	232	499
2.200.001 - 2.300.000	201	452
2.300.001 - 2.400.000	178	418
2.400.001 - 2.500.000	189	464
2.500.001 - 2.600.000	168	427

Fjármagnstekjur, kr. á bilinu	Fjöldi	Fjármagns- tekjur alls, m.kr.
2.600.001 - 2.700.000	168	444
2.700.001 - 2.800.000	113	311
2.800.001 - 2.900.000	137	390
2.900.001 - 3.000.000	106	313
3.000.001 - 3.100.000	124	377
3.100.001 - 3.200.000	87	274
3.200.001 - 3.300.000	94	306
3.300.001 - 3.400.000	72	241
3.400.001 - 3.500.000	84	289
3.500.001 - 3.600.000	66	234
3.600.001 - 3.700.000	78	285
3.700.001 - 3.800.000	62	233
3.800.001 - 3.900.000	65	250
3.900.001 - 4.000.000	64	253
4.000.001 - 4.100.000	75	303
4.100.001 - 4.200.000	61	253
4.200.001 - 4.300.000	51	217
4.300.001 - 4.400.000	54	235
4.400.001 - 4.500.000	43	191
4.500.001 - 4.600.000	50	228
4.600.001 - 4.700.000	54	251
4.700.001 - 4.800.000	45	213
4.800.001 - 4.900.000	47	228
4.900.001 - 5.000.000	36	178
>5.000.001	1.782	29.643
<b>Samtals</b>	<b>244.726</b>	<b>57.696</b>

Heimild: RSK

## 5.4 Álagður tekjuskattur rekstraraðila árið 2011

*Upphæðir í milljónum króna*

Atvinnugrein	Álagður tekjuskattur
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	1.897
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	21
Framleiðsla	4.813
Rafmagns-, gas- og hitaveitur	40
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs	146
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	743
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á ökutækjum	2.437
Flutningar og geymsla	437
Rekstur gististaða og veitingarekstur	221
Upplýsingar og fjarskipti	518
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	14.846
Fasteignaviðskipti	835
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	2.423
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	590
Opinber stjórnýsla og varnarmál; almannatryggingar	0
Fræðslustarfsemi	64
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	1.058
Menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi	180
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	78
Ótilgreind starfsemi	33
<b>Samtals</b>	<b>31.381</b>

## 5.5 Velta rekstraraðila árið 2011 samkvæmt skattframtölum

Upphæðir í milljónum króna

Atvinnugrein	Fjöldi	VSK-sala 25,5%	VSK-sala 7%	VSK-sala samtals	Velta undan- þegin VSK 1)	Starfsemi undanþegin VSK 2)
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	1.904	10.334	53.915	64.249	70.952	472
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	35	1.668	1	1.670	593	5
Framleiðsla	1.851	131.080	107.302	238.383	451.358	1.050
Rafmagns-, gas- og hitaveitur	108	116.087	14.074	130.161	5.316	857
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs	66	7.524	21	7.545	2.728	5
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	3.502	103.970	297	104.268	6.119	8.839
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á ökutækjum	4.189	425.613	140.065	565.677	246.165	1.297
Flutningar og geymsla	810	32.453	1.812	34.265	221.122	25.216
Rekstur gististaða og veitingarekstur	1.049	8.934	46.123	55.057	749	1.756
Upplýsingar og fjarskipti	1.677	86.745	11.987	98.732	21.246	2.201
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	2.958	33.162	1.410	34.572	3.778	548.515
Fasteignaviðskipti	3.721	38.259	1.190	39.449	2.288	25.130
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	3.181	74.870	616	75.486	69.146	2.925
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	1.150	34.235	27.276	61.511	6.719	22.740
Opinber stjórnýsla og varnarmál; almannatryggingar	5	10	114	123	0	0
Fræðslustarfsemi	372	289	113	401	193	7.398
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	1.132	136	85	222	32	24.688
Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	645	2.472	920	3.391	431	6.657
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	581	7.914	79	7.993	332	1.514
Ótilgreind starfsemi	403	150	37	187	0	309
<b>Samtals</b>	<b>29.346</b>	<b>1.115.905</b>	<b>407.437</b>	<b>1.523.342</b>	<b>1.109.268</b>	<b>682.091</b>

Heimild: RSK

1) Vörur og þjónusta sem er undanþegin VSK en með rétt til að fá innskatt frárdreginn.

2) Starfsemi undanþegin VSK en hefur ekki rétt til frádráttar innskatts.

## 5.6 Inn- og útskattur eftir atvinnugreinum 2011

Atvinnugrein	2011	2011
	Útskattur	Innskattur
Landbúnaður, skógrækt, fiskveiðar	11.701.051.463	14.875.636.561
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	376.191.908	353.412.461
Framleiðsla	42.038.969.065	107.385.820.917
Rafmagns-, gas- og hitaveitur	29.753.649.215	17.955.883.728
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	2.950.911.773	2.193.918.269
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	27.477.303.482	18.376.170.101
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	146.352.270.239	132.206.579.681
Flutningur og geymsla	9.864.231.748	10.337.694.638
Rekstur gististaða og veitingarekstur	6.555.419.426	6.413.833.189
Upplýsingar og fjarskipti	21.285.383.981	13.125.937.340
Fjármála- og váttryggingarstarfsemi	10.332.549.163	8.355.153.292
Fasteignaviðskipti	12.619.754.143	4.891.457.966
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	31.294.813.205	15.181.922.809
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	10.990.855.396	6.748.580.406
Opinber stjórnýsla og varnarmál; almannatryggingar	2.638.119.991	1.805.188.622
Fræðslustarfsemi	148.529.711	100.842.991
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	399.818.903	309.602.194
Menningar-, íþróttá- og tómstundastarfsemi	649.617.741	429.824.083
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	3.110.045.599	1.487.909.352
Ótilgreind starfsemi	129.186.944	96.768.213
<b>Samtals</b>	<b>370.668.673.096</b>	<b>362.632.136.813</b>

Heimild: Fjármálaráðuneytið





SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

BORGARTÚNI 35 | 105 REYKJAVÍK | [WWW.SA.IS](http://WWW.SA.IS)